

# ÍSLENDINGABÝGÐ Á ÖÐRUM HNETTI

II.

FYRIRLESTUR, FLUTTUR Á SAUÐÁRKRÓKI  
Í MARS 1930.

HÖFUNDUR  
**GUÐM. DAVIDSSON**  
Á HRAUNUM



AKUREYRI  
PRENTSMIÐJA ODDS BJÖRNSSONAR  
MCMXXX

# ÍSLENDINGABÝGÐ A ÖÐRUM HNETTI

II.

FYRIRLESTUR, FLUTTUR Á SAUÐÁRKRÓKI  
í MARS 1930.

HÖFUNDUR  
GUÐM. DAVÍÐSSON  
Á HRAUNUM



AKUREYRI  
PRENTSMIÐJA ODDS BJÖRNSSONAR  
MCMXXX

Tileinkad

Dr. Helga Péturss  
með mestu virðingu.

Höfundurinn.

## Foryrði.

Síðan bæklingur sá, er eg gaf út s. l. haust, fór að dreifast út á meðal almennings, hafa mér borist mörg bréf, um þetta »málefni málefnnanna«, eins og eg leyfi mér að nefna alt það, er snertir lífið eftir dauðann. Þess utan hafa fjölda margir talað við mig um þessi mál.

Flestir hafa lokið lofsorði á innihald bæklingsins, og óskað þess, að eg vildi birta meira af þessu tagi.

Sumir hafa líkt frásögnunum við skemtileg æfintýri. Enginn hefir látið í ljós við mig, að sér hafi þótt bæklingurinn leiðinlegur. Sumir — og þeir eru líklega fleiri, en eg veit um — álíta, að eg muni vera eitthvað gegjgaður, sál míni muni ekki vera í sem bestu jafnvægi, á meðan eg sé að rita ósjálfrátt, eins og eg nefni það. — Einn hefir gefið mér í skyn, að eg muni nú að vísu segja það satt, að þessi »skrif« míni ritist ósjálfrátt, en það sé engum efa bundið, að þau verði til fyrir tilstilli vondra anda, eða þá djöfulsins.

Eg lofa hverjum og einum, að ráða skoðunum sínum um þetta mál. En þeim, sem óska þess, að eg birti meira af ósjálfráðum »skrifum« mínum,

vil eg gjöra til geðs, með því að bæta dálitlu við það, sem eg áður hefi sagt þeim.

Eg undrast það als ekki, þótt einhverir álíti mig tæplega með öllum mjalla. Petta, sem eg segi úr »skrifum« mínum, er svo gagnólíkt því, sem menn hafa áður hugsað sér, viðvígjandi lífinu eftir dauðann, að það er ekki við því að búast, að menn yfirleitt geti áttað sig á þeim skoðunum, sem þar koma fram.

Á hinu er eg meira hissa, að nokkrum manni skuli geta komið til hugar, að illir andar, eða djöflar sé að verki með mér, og hvíslir að mér því, sem eg skrifa. Hugsast getur, að þeir, sem eru ofstækisfullir í trúarefnum, átelji það, að þeir sem hvísla að mér, minnast ekki á Krist sem *eingetinn guðsson*, heldur nefna hann ætíð svo sem »meistarann mikla«, eða »meistarann mesta«. Segja þeir og ennfremur, að allir sé börn sama föðurins, og við því öll þessvegna systkini.

Petta finst mér, að minsta kosti, ekki benda til þess, að það sé illir andar, sem að mér hvísla. — Við getum öllu heldur ímyndað okkur, að illir andar myndi fremur vilja vekja úlfúð og sundruning á meðal manna, en tilfinningar þær, sem alment ríkja á meðal systkina, og eiga að ríkja þar. Þeir, sem að mér hvísla, segja mér heldur aldrei neitt, sem getur verið nokkurum einstaklingi til miska — síður en svo.

Þeir segja þar á móti þráfaldlega: »Dæmið ekki. Það er ekki ykkar að dæma.« Þá vara þeir og iðulega við drambseminni, öfundsýkinni, hé-

gómagirninni o. fl., sem við vitum öll að *aldrei* hefir í för með sér annað en ilt eitt. Aftur á móti hvetja þeir til kærleika, hógværðar, lítillætis o. s. frv., sem við líka vitum öll sömun að hefir *aldrei* annað en gott í för með sér. — Þetta — ásamt ýmsu fleiru — finst mér mæla eindregið á móti því, að illir andar, eða djöflar, sé að verki með mér þegar eg rita ósjálfrátt.

Margar spurningar hafa verið lagðar fyrir mig, viðvíkjandi lífinu hinum megin — spurningar, sem mönnum finst ekki svarað í bæklingi mínum. Þetta er mjög eðlilegt. í bæklingnum er aðeins stikað á helstu atriðunum, dvalið aðeins örfá augnablik hjá hverjum hinna stærri merkjasteina, er sanda meðfram eilífðarveginum, til þess eins að gefa mönnum ofurlitla hugmynd um, hvers efni »skrif« mín væri. — En efni þetta er svo ótæmandi og óendanlegt, eins og eilífðin sjálf.

Það er því, eins og eg tók fram áðan, ekki nema eðlilegt, að spurning vakni á eftir spurningu. — Býst eg við, að eg að þessu sinni, svari ekki, eða þá geti ekki svarað, nema fáeinum spurningum, sem fyrir mig hafa verið lagðar. Og mun það þá aðallega verða á þann hátt, að eg láti vitverur þær, sem að mér hvísla, svara spurningunum.

## Viðtökur.

Til viðbótar við það, sem sagt er í bæklingi mínum um viðtökurnar hinum megin, ætla eg að lofa ykkur að heyra fáeina kafla orðréttu, eirs og þeir hafa skrifast hjá mér.

Sr. Jónas Jónasson prófastur skrifaði hjá mér 3. Nóv. s. l.; og honum farast svo orð:

» — — — En þegar dauðinn, sem þið svo nefnið, var liðinn hjá og eg vaknaði hérna til fullrar meðvitundar og hugsana — þá brá mér í brún. Það fyrsta, sem eg hugsaði, var þetta: Hvar er eg? Er eg í geðheimum, eða hugheimum eða helheimum? Hvar er eg? Eg sá, að alt var svipað og á henni gömlu jörð okkar, en miklu fegurra þó. Hvar voru nú öll þessi svið, sem guðspekin hafði kent um? Hvar voru nú öll þessi hugarsmíði, sem hún talaði svo mikið um? Voru öll þessi hús, sem eg sá, þessar fögru byggingar, eintómt hugarsmíði? Voru öll þessi tré tómt hugarsníði? Voru allir þessir aldingarðar tómt hugarsmíði? Voru allir þessir menn, sem eg sá, eintómur hugarbúrður — tómt hugarsmíði? Þessu gat eg ekki trúað; og eg lá lengi með aftur augun og reyndi til að átta mig, og korast að einhverri betri niðurstöðu með þetta. Þá heyrði eg yndislegan fuglasöng og því næst heyrði eg mannamál. Þá hugsaði eg með mér: EKKI geta fuglar, sem eg máske gæti ímyndað mér að væri þarna og eg hafði máské skapað með hugsun

minni, farið að syngja fyrir mig. Og ekki gæti menn farið að tala — menn sem eg hefði búið til í huga mínum. Og þá hélt eg snöggvast, að mig væri að dreyma. Eg lægi heima í rúmi mínu og væri svona á milli svefn og vöku. En þá heyrði eg alt í einu tvær raddir, sem eg þekti — hefði þeckt á meðal þúsunda. Þá opnaði eg augun aftur og sá foreldra mína lúta yfir mig. Þeir óskuðu mig velkominn til þeirra. Til *heirra*, hugsaði eg þá með mér. Nú, ef þetta er svona, þá er eg dáiinn, og kominn á eitthvert land, þar sem foreldrarnir mínr eiga heima. Eg er þá lifnaður við aftur — upprisinn til eilífs lífs. Og þá áttaði eg mig á öllu saman. Og þeir fagnaðarfundir, sem urðu á milli foreldranna minna og mínn. Eg þarf ekki að segja þér frá þeim. Þú getur ímyndað þér þá betur en eg lýst þeim. Þá varð eg strax var við sorg ástvina minna heima hjá sér. Og eg reyndi að kalla til ástvina minna um það, hve dásamlega mér liði. En enginn heyrði. Og síðan hefi eg komist að raun um það, að það er ómögulegt að komast í samband við ástmenni sín, nema gegnum miðla, annaðhvort þau sjálf, eða aðra. — Já, svona vaknaði eg nú hérna á henni Fjörgyn, kær vinur minn».

Kona ein reit þetta hjá mér:

» — — — Dauðinn, eins og þið kallið hann, var fyrir löngu farinn að hafa áhrif á mig og eins og að toga í mig. Og eg kveið fyrir dauðanum. Það sagði eg þér svo oft. En þú sagðir, að eg þyrfti ekkert að kvíða honum, og þú hughreystir mig og

svo hvarf óttinn, eða hræðslan frá í bili, en einlægt, með sjálfrí mér, var eg ógn hrædd við dauðann. Og ef hann hefði verið eins ægilegur og eg gerði mér í hugarlund, þá hefði líka verið ástæða til að óttast hann. En nú veit eg, að hann er í rauninni ekkert, nema lítill dvalartími, líkt eins og þegar maður sofnar að kvöldi og vaknar aftur eftir nokkurra klukkutíma svefn, í lengsta lagi. Svo er það búið þetta bil, sem bið kallið dauða. Engar kvalir, engin ógn eða skelfing — það er eins og örlítill draumlaus stund. Og svo þegar eg kom til sjálfrar míni aftur. Þá stund getur þú tæplega ímyndað þér, elskulegi vinurinn minn. Eg vissi ekki hvar eg var stödd. Eg sá engar myndir í kringum mig og ekkert herbergi. Eg sá himininn yfir höfði mér, heiðbláan — dökkheiðbláan og sól í heiði. Eg lá á einhverri strönd, á sjávar- eða vatnsbakka. Og eg sá margt fólk í kringum mig. Eg var alveg máttlaus og gat ekkert hreyft, nema augun í höfðinu á mér. En svo kom til míni kona, eða öllu heldur tvær konur. Þær lutu báðar ofan að mér og önnur þeirra sagði við mig: »Þá ertu loksns komin, elsku barnið mitt, elsku K. míni«, og kysti mig á ennið. Þá þekti eg hana undir eins — það var þá hún mamma míni. Hin konan kysti mig líka, á kinnina, og hún sagði við mig: »Vertu nú hjartanlega velkomin til okkar, elskulega K. míni«. Þá þekti eg óðar, að þetta var hún móðir þín. Og þær voru báðar orðnar svo unglegar og fallegar, eða fríðar, að eg varð alveg undrandi. Pú manst, að þær voru báðar farnar að

bera á sér ellimerki, áður en þær fóru frá ykkur; en núna voru þær orðnar eins og ummyndaðar, og fegurð þeirra og fríðleika get eg ekki lýst með öðru móti. Æskuroðinn lék um vanga þeirra; augun glömpuðu af æskufjöri og málrómurinn var eins og fegurstur er hjá unglindi. Svo var þær miklu fleira fólk, sem oflangt yrði að telja upp fyrir þér í þessu stutta bréfi. En þær var hann elskulegi pabbi minn og elskan hann E. bróðir minn. Þegar lítil stund var liðin frá því að eg vaknaði þarna, og þegar eg var búin að þekkja þessa ástvini mína, þá tók pabbi minn mig upp, og bar mig eins og barn, í fanginu, inní ofurlítið hús, sem þær var nálægt; þær var eg lögð upp í inndælt, uppbúið rúm; og svo fóru allir út nema mæðurnar okkar. Eg var svo máttlaus, að eg gat ennþá ekki hreyft mig, og þó fanst mér eg vera alveg heilbrigð; og ekkert gat eg talað. Svo fóru þær, mæðurnar okkar, að strjúka mig alla hátt og lágt, frá hvirfli til ilja; og þá fann eg hvernig afl færðist í mig alla. Mér fanst eins og allir vöðvar styrkjast og vakna. Mest strukku þær holbúkinn, frá hálsi, niðureftir, einkum í kringum lungun og hjartað, og svo höfuðið. Þegar þær höfðu gjört þetta nokkra stund, var eg orðin svo styrk, að eg gat farið að tala; og það fyrsta, sem eg spurði um, var það, hvað þetta væri, hvar eg væri og hvernig stæði á þessu öllu saman. Þá sögðu þær mér, hvernig komið væri fyrir mér: eg væri komin á landið þeirra — »landið lifenda«, sem þið svo nefnið, og hérna ætti eg að búa hjá

þeim framvegis. Svo sögðu þær: »Sjáðu«. Eg veit ekki hvernig það var; en eg sá alt í einu heim til þín, elskulegi vinurinn minn, og eg sá sjálfa mig, að mér fanst, liggja í rúminu mínu; og eg sá ykkur standa hnípin og hnuggin í kringum rúmið mitt. Þá fyrst skildi eg til fulls, hvernig komið var. Og eg varð alt í einu svo glöð — svo glöð. Eg veit ekki hvernig á því hefir staðið, en það var eins og ósegjanlegur fögnum læstist í gegnum mig alla — þó ekki yfir því að sjá ykkur hnuggin og grátin, heldur yfir því, að eg var nú orðin laus við gamla líkamann minn, sem lengi var búinn að vera mér til þrautar, og loks gat ekki lengur fullnægt sálinni. En svo alt í einu — nærri því á sömu stundinni, varð eg angurvær ykkar vegna, yfir því að þið skyldið vera svona hnuggin, yfir því að þið skyldið ekki skilja það og finna það, að nú leið mér svo afskaplega vel. Ó, eg vildi að þið hefðið getað heyrt til míni, því að eg kallaði upp: »Ó, grátið ekki yfir mér. Eg er komin þangað, sem mér er ætlað að vera, og þar er yndislegt að vera.«

Merkur íslendingur, sem kominn er yfir á Fjörgyn fyrir nokkurum árum, skrifaði hjá mér 26. Des. s. l.

— — — Það er þá fyrst, að segja þér frá því, hvernig mér líður og hvernig ástand mitt hefir verið, síðan eg kom hingað yfirum. Það fór vel um mig í flutningnum hingað. — Eg vil annars segja þér dálítið gjör af því, þegar eg var kominn að því, að flytjast burt af jörðunni — eða deyja,

eins og þið nefnið það. Þá sá eg margar verur í kringum mig. — Margar þekti eg ekki, en samt þekti eg ýmsar þeirra, þar á meðal var faðir minn.

Þegar eg var dáinn, var að hið fyrsta, að eg sá líkama minn í rúminu mínu, en sjálfur var eg eins og einhver þokumökkur, en þó með öllum líkamseinkennum, hvað alt sköpulag snerti. En eg var svo léttur svo léttur — alveg eins og eg væri sápubóla, sem börn búa til, sér til gamans. Þá tók faðir minn mig í fang sér; og í sama bili misti eg meðvitundina. Og svo veit eg ekki meir — man ekkert til mín, fyr en eg vaknaði aftur, eða fékk meðvitundina. En þá var alt orðið öðruvísí umhorfs. Þá var eg staddur í dálítilli brekku, sem var alþakin ilmandi, og dásamlega fögrum blómum; og þekti eg fast þeirra, en þó sum.

Þar var í kringum mig dálítill hópur manna og kvenna. Og þekti eg þar foreldra mína og Hjaltalín, landlækni, sem eitt sinn var; og var eg þá eins og viljalaust verkfæri.

Eg spurði hvar eg væri, og sagði þá móðir mínn mér, að eg væri kominn alfarinn til sín og hans föður míns. — Það undraði mig að eg gat ekkert hreyft mig, en allir, sem í kringum mig voru, voru á reiki til og frá í kringum mig. Og móðir mínn sagði, að eg skyldi ekki undrast þetta. Þetta væri svona fyrir öllum fyrst eftir það, að þeir kæmi hingað. Þá sagði Hjaltalín að best væri að bera mig inn, og tók þá faðir minn mig aftur í fang sér, og bar mig dálítinn spöl og inn í lítið hús;

og fylgdu allir mér þangað — að dyrunum. En inní húsið fóru ekki aðrir en foreldrar mínir og Hjaltalín, og Niels Finsen, sem þarna var líka viðstaddir. Þegar við komum inní húsið, sá eg þar stórt ker, fult með einhvern vökva, og lagði faðir minn mig niður í þetta ker. En þá um leið misti eg aftur meðvitundina. Hvað skeði, á meðan eg var meðvitundarlaus, veit eg ekki, nema það, sem mér var sagt á eftir. Eftir dálitla stund, raknaði eg við aftur, eða vaknaði, og þá var búið að taka mig upp úr þessu keri, og eg fann þá strax, að eg var búinn að fá talsverðan mátt í líkamann, og eg var nú ekki lengur eins og sápubóla, sem skekst til og frá og lætur alstaðar undan fyrir hverjum andblæ, eða snertingu. Eg var orðinn talsvert styrkur. Var þá búið að leggja mig upp í vel uppbúið rúm, mjúkt, hlýtt og notalegt. Hjaltalín og Finsen stóðu við höfðagaflinn, en foreldrar mínir við fótagnaflinn. Þá spurði eg ennþá hvar eg væri, og hvernig öllu þessu viki við.

Sagði þá Hjaltalín: »Það er þá búið að endur-fæða þig á þessari jörð — jörðunni okkar allra, sem komnir vorum á undan þér; og okkur hefir tekist afbragðs vel með þessa fæðingu.« Þá sagði Finsen, að eg mætti vera ánægður og glaður yfir því, hve vel alt þetta hefði gengið, því að stundum tækist nú ekki svona vel; en eg hefði haft hrausta sál í hraustum líkama, og mikil væri undir því komið, hve sálin væri hraust, þegar hún flytti hingað yfir. — Svo fóru þeir læknarnir, þegar þeir voru búnir að hagræða mér, eins og

þeir vildu. Fólu þeir móður miðni á hendur, að annast um mig úr þessu. Þá fór líka faðir minn burt með læknunum. Þegar við vorum orðin tvö ein, við mæðginin, fórum við að tala saman, þ. e. a. s. hún talaði mest, því að eg var svo máttfarinn sjálfur, að mér fanst þreytuverk leggja um mig allan, við hvert orð, sem eg talaði.

Sagði hún mér, að eg væri kominn á jörð, eða hnött, afarlangt frá jörðunni ykkar, og á þessum hnetti væri minn framtíðarbústaður — þetta væri mitt framtíðarland um langt skeið. Eg spurði hana hve langt væri síðan eg hefði yfirgefið jörðina; og þá sagði hún mér nokkuð, sem mig rak í rogastans yfir. Hún sagði, að það væri ekki meir en svona á að giska hálfur klukkutími, eftir mínu gamla tímatali; og hún sagði mér að sjá. Um leið strauk hún hendinni yfir augun á mér. Og þá sá eg og undraðist: Eg sá heim til míni, í gamla herbergið mitt, og eg sá gamla líkamann minn, eins og hann hafði verið síðustu árin míni á henni gömlu jörð, allan gráan og úfinn og hrukkóttan, og að nokkuru hárlausan um höfuðið. Og þar í herberginu voru margir, sem eg þekti. Þeir drúptu höfðum allir, eða þau öll, sem þar voru og eg sá tár í augum margra og dapurleik á öllum.

Þegar eg var búinn að horfa á þetta dálitla stund, hvarf það altsaman. Og eg horfði á móður mína, svo unglega og blómlega, og spurði, hvort þetta altsaman væri raunverulegt, eða hvort þetta væri einhverjar loddara missýningar.

En hún strauk undurhlýjum höndum um vanga

mína og sagði: »Heldurðu í sannleika, að við séum að fleka þig, elskaði sonur minn? Heldurðu, að hún mamma þín sé að draga þig á talar?«

Pá skammaðist eg míni, eða eg iðraðist strax eftir því, að hafa sagt þetta, og eg bað hana fyrirgefningarár. Þá sagði hún, að efi minn væri í raun og veru afsakanlegur, þar sem eg þekti ennþá svo lítið til lífsskilyrðanna hérna megin.

Jæja, eg lá í rúminu dálítinn tíma, og móðir míni hjúkraði mér og endurnærði, mest á ávöxtum, sem eru ákaflega hressandi, og móðir míni gaf mér í skyn, að eg myndi eiga erviða daga fyrir höndum fyrst um sinn, þegar eg færi frá henni. Spurði eg hana þá, hvort eg í sannleika þyrfti að fara frá henni. Og hún sagði, að undan því yrði eigi komist.

Eg var nú farinn að hugsa — hugsa; og hugsanir mínar röktu upp fyrir mér lífsvef minn, þráð fyrir þráð að eg hélt; og var margur bláþráðurinn, sem eg rak mig á, og eg óskaði, að öðruvísi hefði verið unninn og ofinn, á meðan eg hafði haft tækifæri til að gera það. En nú voru öll þau tækifæri liðin hjá, og engrar endurkomu þeirra var hægt að óska sér. Eg get ekki neitað því, að það kom í mig hálfgjörður uggur út af öllu þessu. En móðir míni sagði, að eg skyldi ekki vera, eða verða hugsjúkur út af þessu eða nokkuru öðru. Hún sagði mér frá kærleika og miskunnsemi hins æðsta kraftar, sem hún nefndi svo, og sem hún sagði mér líka, að væri sem næst þeirri hugmynd, sem við áður hefðum innibundið í orðinu guð.

Pessi æðsti kraftur væri líka svo réttlátur, að slíkt gæti enginn hugsað sér. Og þegar eg fór að leggja saman þetta þrent: kærleikann, miskunnsseina og réttlætið, þá hvarf uggurinn og óttinn að mestu leyti. Eg vissi að vísu, að eg hafði verið óvæginn við andstæðinga mína, hafði oft vegið að þeim, með óvöndum vopnum og ekki ætíð gaett sannleikans, svo sem vera hefði átt. En eg huggaði mig þó við þetta, sem móðir míni hafði sagt; og sérstaklega kom mér til hugar, að alt myndi ganga bærilega, þegar móðir míni sagði mér, að hún skyldi biðja fyrir mér, á meðan eg væri í *reynsluskólanum* mínum.

Spurði eg hana þá, hvað það væri þessi reynsluskóli. Hún sagðist hvorki geta, né mega lýsa honum fyrir mér; hann væri með svo óendanlega margvíslegu móti. En það mætti hún þó segja, að það væri einhver staður, sem sérhver, er hingað kæmi, þyrfti að dvelja á í lengri eða skemri tíma.

Eg varð að sætta mig við þetta svar, því að engan var annan að spyrja. Enginn kom til okkar þenna tíma.

Hve lengi eg var þarna í þessu húsi, veit eg ekki með vissu. Það var altaf bjart í húsinu, því að gluggar voru fjórir, sinn á hverri hlið. Aldrei þurfti eg að sofa — varð aldrei syfjaður — og einlægt var sama skæra birtan.

Það er svo ekki að orðlengja það, að eg var þarna talsvert langan tíma. Móðir míni sagðist ekki geta sagt mér fyrir víst, hvað tímanum liði,

en eftir því, sem hún kæmist næst, væri eg búinn að vera í litla húsinu um 3 vikur eftir ykkar tíma-mæli.

Þá var það eitt sinn, að móðir míni hvarf mér sýn alt í einu. Hefi eg víst fallið í ómegin; og þegar eg vaknaði aftur, eða raknaði við, var eg kominn í alt annan stað og í alt annað umhverfi.«

## Tvifarar.

Margir hafa undrast yfir því, og þykjast ekki geta skilið hvernig á því stendur, að þeir sem að mér hvísla, skuli geta það, hvenær sem eg sest niður að »skrifa« ósjálfrátt, þrátt fyrir þá óra-fjarlægð, sem þeir segjast vera í. Og þeir hafa spurt: »Hvernig má þetta ské?« Þessi spurning er mjög eðlileg og vil eg láta þá vinina okkar skýra málið eins og þeir hafa gjört.

Faðir minn hvíslar að mér 28. Ágúst 1926:

— — — Þá þykir ykkur undarlegt, að við skulum vera svona fljótir í ferðum, eins og við segjumst vera, og villir það marga. Þess vegna hafa líka guðspekingar fundið upp á því, að kenna, að við byggjum í lausu lofti, skamt frá jörðunni ykkar, og gætim þess vegna komið til ykkar, þegar viðtökutækin væri í lagi. En eins og Sigurður tók fram, þá er þetta ekki rétt.\* Þið þekkið svonefnnda *tvívara* á jörðunni ykkar. Það

---

\* Sjá »fsl.b. á öðrum hn.«, bls. 21.

eru þeir, sem sjást hjá ykkur, á tveimur stöðum í einu, og kveður stundum svo ramt að þessu, að þeir tala og vinna ýms verk, á tveimur stöðum í einu. Þetta geta fáir á meðal ykkar af sjálfsdáðum; heldur verður það ósjálfrátt og óafvitandi. Þetta er staðreynd sem ekki verður á móti mælt. En ef þið gætið farið hvert sem þið vildið, og látið sjá ykkur og látið heyra til ykkar *hvenær* sem þið vildið, og værið um leið svo næmir, að þið heyrðuð úr órafjarlægð, þegar á ykkur væri yrt, þá værið þið útbúnir eins og við erum. Við getum n. l. farið hvert í heim, sem við viljum og okkur er leyft að fara í, á hverju augnabliki sem við viljum; og eins og því er varið með tvífarana hjá ykkur, þá verður þetta með meiri hraða en leift-urhraða. Komur okkar til ykkar, eru því ofur-eðlilegar, þegar þær eru skoðaðar í þessu rétta ljósi. Við segjum, að ýmsir okkar sé svo jarð-bundnir, að þeir dvelji mest hjá ykkur. Þeir eru það; en þeir hinir sömu una ekki hag sínum hérna á meðan á því stendur. En eftir því sem ást á jörðunni og umhugsun um jörðina minkar, eftir því fara þeir að kunna betur við sig hérna. En þetta er eigi svo að skilja, að þeir raunverulega sé nær ykkur en við hinir».

Faðir minn skrifar hjá mér 15. Apríl 1929:

»Við líkónumst hérna megin, þrátt fyrir það, þótt engin tætla, eða ögn virðist vera eftir af gamla líkamanum okkar. — — — Það er reyndar búið að segja þér nokkuð frá því, hvernig við lík-

önumst, þegar hingað er komið; en þó verður þetta betur og glöggar skýrt fyrir þér seinna þegar á þarf að halda. Sem stendur, er þér nægilegt að vita það, að líkamning okkar á sér stað. Þær líkamningar, sem eiga sér stað t. d. á miðilsfundum, eru alveg sérstaks eðlis. Og það eru í raun og veru ekki við sjálf, sem þá komum fram, heldur gerfi tvífaranna okkar, sem við getum tekioð á okkur, þegar við viljum og þurfum á að halda til þess, að geta gjört okkur þekkjanlega, og sanna okkar nærveru — auðvitað þó sem tvífara. En þetta hafa menn alment ekki skilið ennþá. Og það á líklega langt í land, að það verði viðurkent alment. Það er gamla sagan, að nýjar kenningar, sérstaklega þær, sem sannar eru, eiga erviðast uppdráttar; eða með öðrum orðum, að menn eiga erviðast með að trúá þeim, vegna þess, hve nýstárlegar þær eru, og hversu þær brjóta í bág við alt, sem áður hefir verið kent — í þá áttina«.

Pá langar mig til að lofa ykkur að heyra dálíttinn kafla úr bréfi, sem ritaðist hjá mér 16. Apríl 1929, frá Guðmundi próf. Magnússyni, jafnvel þótt hann ekki beinlínis fjalli um tvífarana — allur kaflinn. Hann er svona:

»Ljúfur og sæll frændi minn.

Nú er afarlangt síðan eg hefi komist í færi með að tala við þig; og er þó ekki því til að dreyfa, að ekki sé nóg að tala um; og heldur ekki því, að mig hafi ekki fýst á þinn fund. Nei, sökin er öll hjá sjálfum þér: þú komst ekki til sambandsins þann eilífðar óratíma, eins og þið stundum kveðið að

orði, og það var þó ekki mér að kenna. Og því næst, þegar þú loksns komst, þá voru svo marginir, sem gengu í skrokk á þér, að eg hafði enga löngun til að komast að, fremur þeim. Eg hugsaði með mér: hvað bíður síns tíma; og einhvern-tíma kemst eg að. Og nú leyfir ólafur frændi mér að vera við þitt sálareyra ofurlitla stund. Já, það er undarlegt þetta sálareyra; og ekki held eg, að þú myndir skilja það til hlítar, þótt eg færi að útlista það fyrir þér; en í fám orðum er það svo, að það getur tekið á móti hugsunum annara vitvera; og verðið þið oftar fyrir því, en þið hyggið, bæði frá mönnum á ykkar jörð og líka frá mönnum héðan. En þetta hefir engin veruleg áhrif venjulega — fer, eins og þið segið, inn um annað eyrað og út um hitt. Og ykkar eigin hugsanir eru svo skjótar að koma og fara, þar inn á milli, að þið getið ekki greint, hvað frá ykkur sjálfum kemur, og hvað frá öðrum.

Það er, þegar þið setjist niður að skrifa eftir okkur, að hugsanir okkar komast óhindrað inn í huga ykkar, eða þá þegar miðlar ykkar falla í »trance«, sem þið nefnið svo. Þá eru þeir eins og í svefni, og þá getum við líka komið hugsunum okkar að, oftast hindrunarlaust, og endurtekur miðillinn þær upphátt oft og tíðum, og stundum náum við krafti úr honum sjálfum, til að gefa hugsunum okkar hljóm og heyrist þá til okkar fyrir utan miðillinn. En það eru tvífarar okkar, sem einlægt eru á ferðinni til ykkar. Þetta sést best á því, að við hverfum aftur mjög skyndilega,

og oft er það svo, að við annaðhvort sjáumst mjög óglögt — iðulega — og hverfum svo alt í einu, eða þá að raddir okkar heyrast óskýrt og ekki nema í svip. En nærri máttu geta því, að ef það værim við *sjálfir*, sem værim hjá ykkur, þá myndi alt vera ennþá áþreifanlegra, og eins og þið segið: virkilegra. Þá gætim við talað við ykkur, eins og þið talið hver við annan, því að *hér* erum við í raunverulegum líkama, með holdi og blóði og öllum sönsum óskertum; og við erum ennþá fullkomnari en við vorum áður, þ. e. a. s. líkaminn. Sálin er líka fullkomnari, að minsta kosti að því leyti, að hún er sjálfráð hreyfinga sinna *utan* líkamans, og getur farið í tvíförum, eins og við viljum, bæði til ykkar, og annara hnatta. Hún er líka laus við bresti þá, sem loddu við hana á meðan við vorum hjá ykkur; og þessvegna meðfram, er henni gefinn þessi kraftur — andlegur kraftur. Það er n. l. áreiðanlegt og víst, að eftir því sem sálin losnar meir við bresti sína, eftir því verða mennirnir máttugri og er það gjöf hins æðsta kraftar, og eðlileg afleiðing sálarhreinsunarinnar, ef eg mætti svo til orða takा».

Mætur prestur einn, sem fluttur er yfir um dimmumóðu, reit hjá mér 28. mars 1929, um þetta málefni, þannig:

» — — — Já, sú breyting er mikil, bæði í líkamlegan, og þá ekki síður í andlegan máta. Og mér finst eg myndi geta *sjálfur* farið til ykkar á einu augnabliki, en svo er þó ekki. Líkamir okkar þarfnað lofts og fæðu, dálítið í svipuðum mæli og

þið. Eg verð því að nota mér þann kraft, sem við höfum yfir að ráða hérrna megin og koma til ykkar sem tvífari og þó með fullum og sjálfstæðum vilja; og við höfum líka ráð á því, að láta líkama okkar að nokkru leyti fylgja eftir andanum, þ. e. a. s. við getum látið hann líkamast og gjört oss sýnilega fyrir augum sumra ykkar. Eg sit hér í hægindastól heima hjá mér, og tvífari minn er hjá þér og hvíslar að þér. Þetta læt eg nægja um líkama minn, og það sem honum við kemur«.

## Líkamar. Líkamning.

Margir hafa spurt mig um það, hvernig líkama vinirnir okkar á Fjörgyn hefði — hvort hann væri nokkuð líkur okkar líkama o. s. frv. Ennfremur hafa margir spurt mig um það, á hvern hátt þeir fengi sinn líkama, og hvernig á því stæði, að þeir yrði strax fleygir og færir, þvert á móti því, sem á sér stað, þegar um fæðingu og þroska er að ræða hér á jörðunni. Eins og eg er vanur, þá ætla eg að láta vinina okkar sjálfa leysa úr öllum ráðgátum, sem þetta snertir.

Guðmundur próf. og læknir Magnússon, ritar hjá mér 25. Ágúst 1929:

»Sæll og ljúfur frændi minn.

— — — Mikið viljið þið fá að vita, hérrna megin frá, og er það síst að undra, þar sem þið eruð svo fávísir, í þeim sökum öllum — ennþá. Eitt af því, sem þið viljið forvitnast um, og sem þó í raun

og veru kemur ykkur ekki við, er það, hvernig líkama við höfum hérna. Jú — okkar líkamar eru eins og ykkar líkamar, eða öllu heldur: eins og ykkar líkamar voru áður en þið komuð hingað, að því undanskildu að oftast er það svo, að líkaminn eins og yngist upp, um leið og hann kemur, sem umbúð sálarinnar hérna megin. Þú veist það að líkamar ykkar hrörna miklu fyr en sálin. »Fögur sál er ávalt ung undir silfurhærum« — segir eitt góðskáldið ykkar. Þetta er alveg satt. Sálin er ávalt ung, vegna þess að hún er eilíf; og þegar svo fer, að sálunni virðist fara aftur, eða að hún hrörni, þá er það ekki rétt, að henni fari aftur, heldur er það þá líkaminn, sem ekki getur lengur aðstoðað við vilja sálarinnar, eða verknað — ekki fullnægt þeim kröfum, sem sálin að sjálfsögðu þarf að gera til líkamans; en hann er nokkur skonar utanhafnarföt hennar. Utanhafnarföt ykkar, eða fötin yfirleitt, þurfa að fullnægja ykkar líkamsþörfum. Eins þarf líkaminn að geta fullnægt þörfum sálarinnar. Já, sálin er síung, og þess vegna þarf hún, þegar hingað kemur, að fá líkama, sem er við hennar hæfi. Þess vegna eru líka allir ungir hérna megin; og þótt við verðum svo og svo gamlir, þá viðhelst æskufegurð líkamans. Líkamshrörnun og líkamselli þekkist ekki hérna.

En það var meira sem eg ætlaði að segja þér um þenna líkama okkar. Fyrst þegar við komum hingað, þá erum við eins og ekkert, ef svo mætti segja. Við erum eins og þokuhjúpur, eða ljós-hjúpur, þ. e. við erum hálf-gagnsæir og þó ekki

gagnsæir. Við höfum sköpun, alveg eins og við höfðum sem ungar, þ. e. a. s., við höfum mótt af öllum líkamshlutum, bæði innvortis og útvortis. Við erum með höfuð, höndur og fætur. En við getum ekki hreyft, nema augun, sem virðast verða til sjálfkrafa. Líklega er það þó ekki, heldur mun það vera svo, að á fyrstu augnablikunum, er það sálarsjónin, sem við sjáum með. Og sömu-leiðis sálarheyrnin, sem við heyrum með; því að fyrst af öllu fáum við að sjá og heyra. Síðan tekur hjartað til starfa. Það kemur næst á eftir sjón og heyrn. Þegar hjartað er byrjað að slá, — auð-vitað ofurdauft, fyrst í stað — þá koma líkama-augun og líkamaeyrun og heyrnartólin, og svo hvert völundarsmíðið á fætur öðru. Fyrst þegar þessum aðalskilningarárvitum er aflokið, vaknar meðvitundin til fulls, fyrst um efri hluta líkamans, og síðast kemur meðvitund um fæturna. Það getur staðið misjafnlega lengi á þessari nýju fæðingu, og mikla nákvæmni þarf til þess, að sálar-hjúpurinn ekki skemmist, eða aflagist. Það eru þess vegna kjörnir nánustu ástvinir þess manns, sem hingað kemur, til þess að taka á móti honum, og hjúkra honum fyrst í stað. Að vísu er ætíð einhver læknir viðstaddir, til þess að gæta þess, að alt fari eftir vissum reglum og hvergi skeiki. Það getur farið svo, ef óhönduglega er að farið, að maðurinn verði kryplingur alla æfi sína hér; en það er afar sjaldgæft. En þá vonum við, að þessi líkamslýti losni hann við á næstu jarðstjörnu — næsta hnetti, sem hann fer til. — Þá viljið þið

vita, *hvernig* við förum að líkamast. Það er nú eitt af því, sem ykkur í raun og veru varðar mjög lítið um, fremur en það, hvernig tvö fræ, óskyld, geta orðið og verða að einni lifandi veru. Eg segi fræ, því að þó þið kallið ekki nema aðra þessa lifandi veru fræ (eða egg), þá er það þó svo, að í raun og veru eru það tvö fræ, sem renna saman í eitt og mynda þriðju veruna, eða réttara sagt nýja veru. En af því að eg var hálfpartinn búinn að dragast á við þig, að segja þér eithvað um þetta, þá býst eg við að fylla það loforð næst þegar eg fæ leyfi til að tala við þig«.

Meira sagði Guðmundur ekki að þessu sinni. Nú leið og beið. Eg var endrum og sinnum að hugsa um þessa líkamningu, og gjörði mér ýmislegt í hugarlund um hana. Eins og eg gat um áðan, þá ritaði Guðm. hjá mér 25. Ágúst. En 6. September kom hann aftur og ritaði hjá mér. Tek eg hér upp pistil hans orðréttan. Hann segir svo:

»Sæll og ljúfur, nafni minn, frændi minn og vinur minn. Alt þetta ertu, og þó miklu meira og fleira. Að minsta kosti ertu einn af þeim fáu, á henni gömlu jörð, sem getur tekið á móti glöggum skeytum frá okkur á Fjörgyn. Og um þetta er meira vert en alt það, sem eg í upphafi nefndi þig.

Jæja; eg var búinn að dragast á það, að skýra þér frá því, hvernig við færum að líkamast hérna megin. En eg er hræddur um, að þú verðir að taka vel eftir, og *ekkert að hugsa sjálfur*. Þú hefir stundum fyrifarandi verið að brjóta heilann um það, hvernig þetta yrði. En

allar þínar ágiskanir eru rangar. Og eg vil segja þér það blátt áfram, í eitt skifti fyrir öll, að það er ekki vert, að þú hugsir nokkurn hlut um það, sem þú ætlað að grenslast eftir. Þetta getur valdið truflunum og ýmsu leiðu, bæði okkar megin, og þá ekki síður þín megin. Nú — þetta var nú aðeins formáli ofurlítill, þér til eftirbreytni og varúðar.

Eg var síðast að segja þér frá ýmsu, þessu viðvíkjandi, en mintist lítið á sjálfa líkamninguna. — Þegar menn skilja við, eins og þið nefnið það stundum að deyja, þá virðist alt vera farið — alt líf búið að vera, og allur líkaminn virðist verða eftir á jörðunni, og síðar verða að mold og mylsnu. En þetta er ekki allskostar rétt. Það er rétt, að lífið fer. »Andinn fer til guðs, sem gaf hann« — stendur í ykkar helgu bók, og er þetta að vissu leyti rétt. Reyndar er andinn, eða sálin, altaf hjá guði, eða H. æ. Kr., því að hinn æðsti kraftur, eða guð, er í öllu og alstaðar. En þegar sálin hverfur ykkur, þá fer hún hingað á Fjörgyn, eða á einhvern annan hnött í geimnum. En það fer meira en sálin, lífið. Það væri ekkert einstaklingslíf hérna megin, ef það væri ekki. Nei. Sálin flytur með sér talsvert af gamla líkamanum. Það er svo að skilja: öll þau efni, sem eru í líkamanum eru líka í sálinni, en í afar-fingerðum umbúðum, ef svo mætti segja. Réttara væri máske, að orða þetta þannig, að sálin flytti með sér fræ, eða spírur til nýs líkama. Þú þekkir og veist, að sérhvert fræ jarðarinnar spírar fyrst; og svo, úr þeim ör-

smáu spírum, myndast nýr líkami, sem að öllum jafnaði er samskonar líkami og sá, er spíran óx út úr. Á sama hátt gjörist þetta, þegar við líkönumst hérna megin. Spírus þessar eru svo smáar og fíngerðar, að þær eru ósýnilegar öllum mannlegum augum; en þær eru þar. Það voru skildar eftir í sálunni spírus, sem áttu við hvert einasta líffæri líkamans. Spírus fyrir augu, eyru, nef, heila, hjarta, höndur, fætur, innýfli o. s. frv. Alt er til staðar þegar hingað kemur. Í sálarhjúpnum, sem eg sagði þér frá, liggja þessar spírus leyndar. Þetta vitum við öll, eða flest, sem hingað erum komin; að minsta kosti flestir læknar. En þá er spurningin þessi: Hvernig fara þessar örsmáu og ósýnilegu spírus, að vakna svona fljótt, þegar hingað er komið? Svarið er nær þér en þú hyggur. Hvað gjörið þið til þess, að fá t. d. rófufræ, til að vaxa fljótt? Pið setjið það í volgt vatn; og oft látið þið ýms efni saman við vatnið, til að flýta fyrir vextinum. Á svipaðan hátt förum við að, þegar einhver kemur hingað, þá er hann í fyrstu meðvitundarlaus. Og þegar þér er sagt, að þegar menn hafi vaknað hérna, hafi þeir haft fulla meðvitund, þá er þetta satt. En menn vakna *ekki undireins* hérna megin; það líður oftast nær ofur-lítill stund, stundum dálítill stund. Stundum vakna menn til meðvitundar um lítið augnablik, þegar þeir eru nýkomrir, en missa hana strax aftur. Á meðan þeir eru meðvitundarlausir, tökum við til okkar ráða læknarnir, eða læknirinn, ef aðeins er einn til staðar, sem þó sjaldnast er. Og nú

byrjar »prósess«. Við velkjum sálarhjúpnum í vissum vökva, eða laug, sem er blandaður ýmsum fjörgefandi efnum, sem að vísu eru til á jörðunni ykkar, en sem náttúran sjálf hefir ráð á, en enginn maður. Það er leyndardómur náttúrunnar einnar. En hér er þetta orðin eign læknanna og veit enginn hve gamalt það er. Í þessum vökva laugum við sálarhjúpinn, og strax sjást augljós merki þess, að líkaminn fer að vakna, eða sálarhjúpurinn að holdgast. Þó verður þetta ekki alt í einu, þ. e. styrkleikinn kemur ekki í fullum mæli strax; og líður stundum langur tími þangað til hann er orðinn fullstyrkur. En eftir að þetta er byrjað — og það byrjar ætíð strax á eftir lauginni — þá tekur náttúran til óspiltra málanna sjálf, og heldur áfram verki sínu. Þetta er nú allur galdurinn. En hver efni eru notuð í þetta laugarvatn er leyndarmál, sem við ekki megum segja frá, síst að svo stöddu. En hafðu það hugfast, að alt er eðlilegt, eða þá alt er kraftaverk, ef þú vilt það heldur. Þér hefir verið sagt, að líkamningarnir væri stroknir mikið. Þetta er satt. Þegar menn koma upp úr lauginni, þá er tekið til að strjúka sálarhjúpinn, og síðan hinn veika líkama, sem er að byrja að styrkja. Það er að sínu leyti, eins og nuðdið hjá ykkur. Það hefir oft góð áhrif; sama máli er að gegna með þessar strokur hérna megin. Þær styrkja og flýta fyrir líkamningunni.

Nú er eg búinn að segja þér það, sem eg má segja þér þessu viðvíkjandi. En ef það er eitthvað,

sem þú ekki skilur, þegar þú lest þetta yfir, eða þá seinna, þegar þú ferð að hugsa um það, þá skaltu bara spryra mig; og er ótrúlegt, að eg geti ekki leyst úr þeim málum. Eg kunni dálítið fyrir mér á meðan eg var á henni gömlu jörð; en þótt stutt sé síðan eg kom hingað, þá hefi eg þó lært margt — já miklu meira, en öll árin, sem eg var hjá ykkur.

Og vertu nú ætíð falinn þeim, sem sólina skóp, og allar sólir og alt — alt.

H. æ. Kr. styrkir þig.

Pinn elskandi frændi

*Guðm. Magnússon».*

Til gamans vil eg geta þess, að þessi síðasti kafli ritaðist á 42 mínútum.

## Reynsluskólinn.

Eg hefi í bæklingi mínum minst á »ömurlega staði«, en ekkert útskýrt frekar hvernig þeir væri, eða í hverju ömurleikur þeirra væri fólginn. Hafa ýmsir spurt mig um, hvernig á þessu stæði, eða hvort þeir, sem að mér hvísluðu hefði ekki lýst neinum þeirra. Eg vil nú seðja forvitni þeirra, sem langar til að fræðast um þetta, með því að lesa upp nokkura kafla orðrétt eins og þeir hafa skrifast hjá mér.

Eg vil taka það fram, að það eru tiltölulega fáir, sem sagt er, að lendi á þessum ömurlegu stöð-

um og eru þeir — staðirnir — reynsluskólar beirra, sem þar lenda. Fáeinir hafa sjálfir lýst fyrir mér reynsluskóla sínum, og eru þeir sinn með hverju móti. Mun eg á eftir skýra frá þeim.

Ólafur bróðir minn ritar hjá mér 2. Sept. 1926 á þessa leið:

»——— Eg ætla að lýsa dálítið fyrir þér einum hnetti, sem ekki er mjög langt frá okkur. Er ástand hans mjög eftirtektarvert og um leið lærdómsríkt. Hnöttur þessi er jörð, eða pláneta, eins og þið líka nefnið það. Og því hlýtur hann að vera dimmur, eða ekki sjálflysandi, eða svo munt þú hugsa, og það að vonum. Í ykkar sólkerfi eru engar stjörnur, er kallast geta jarðstjörnur, sem ekki eru dimmar. En þessi hnöttur, sem eg er að tala um er einkennilegastur vegna þess, að hann er sjálflysandi, og þó ekki vegna hita, eins og sólirnar eru, heldur er svo mikið af sjálflysandi efnum í honum að hann er ætíð til að sjá eins og þið getið hugsað ykkur bjartast maurildi. Efni þessi eru nokkuð mörg. T. d. er þar mikið af Fosfór, og fleiri sjálflysandi efnum, sem þið þekkið; en mest ber þó á einu efni, sem við nefnum Tranarútt. Það er mjög lýsandí. Pegar sól skín á hnöttinn, er hann glóandi, eins og sjálf sólin, en þess á milli er hann maurildislitur. Þó stafar enginn hiti frá hnetti þessum, eða jarðstjörnu. Þeir sem þar búa, eiga ekki góða æfi. Því að auk þess sem þessi glætubirta er ákaflega leiðinleg, frá okkar sjónar miði, þá er þar sífeldur óþefur af þessum efnum. Þú þekkir lyktina af Fosfór, og er þó lyktin

af Tranarútt ennþá meiri og verri. Það mætti helst líkja henni við það, sem þið nefnið salmiakspiritus. Og þá getur þú getið þér til, hversu skemtilegt muni vera þar að búa. Þeir, sem þar búa, grafa sig inn í fjöllin, því að þar ber heldur minna á birtunni — þessari glætubirtu — og eïnnig á óþefnum, þegar langt er komið inn í fjöllin og loftsins gætir minna. Þangað eru fluttið ýmsir óþokkar og prakkaramenni, og þar verða þeir að hýrast, þangað til þeir breyta um hugarfær í raun og veru. Hér er sem sé ekki nóg að losa hinu og þessu. Það verður að sýna það í áframhaldandi verkum, að hugur og alvara fylgi málí. Sólin, sem skín á þenna hnött, lýsir hann og gefur honum yl, er ekki björt mjög. Hún er með rauðleitum blæ og gjörir alla birtu á þessari jörð, enn þá ömurlegri. Fjöllin á þessari jarðstjörnu eru ekki mjög há og þau eru lin, í frekara lagi, svo það er gott að grafa þau. Þar sést hvergi hús ofanjarðar, vegna þess, sem eg sagði þér áðan. Og þeir, sem þar búa, röltu um, sem allra skemst frá heimilum sínum, að þeir geta, til þess, að vera sem allra stytst í þessu óheilnæma lofti. Það mætti helst líkja íbúunum við þöddur — grápöddur, eða einhverjar aðrar. Þær þola ekki sólarbirtuna, heldur skríða í fylgsni sín, þegar birtuna ber á þær. — Þar eru mikil vötn, en enginn reglulegur sær. Vötnin eru dauð — þ. e. a. s. að í þeim er engin lifandi vera. Sumstaðar eru þó stór vötn neðan jarðar, og þar ala aldur sinн skepnur, sem líkjast fiskum að sumu

leyti, en eru þó með fótum, þetta 8 og upp í 36. Þær eru ófélagar, en á þeim nærast íbúar jarðstjörnunnar að miklu leyti. Fáeinar plöntutegundir eru þar. En alt er það fátæklegt og ömurlegt. Á jurtum þessum nærast íbúarnir líka. Fæðan er ógeðsleg, eins og alt umhverfi þar, hvert, sem litid er. Þar eru fá dýr ofanjarðar þ. e. a. s. spendýr; en urmull af nokkurs konar maurum, sem ásækja íbúana sí og æ, líkt eins og engisprettur gjöra stundum — hjá ykkur. Eiga íbúarnir fult í fangi með að verjast þeim. Það má segja, að það sé ekki ein báran stök fyrir þeim vesælingum, sem þar búa. Loftið er sí og æ þrunagið af ýmiskonar gufum, sem leggur út frá jarðstjörnunni og er því sólin enn leiðinlegrí sýnum, en ella væri, þótt hún sé rauðleit í raun og veru. Þessi stjarna heitir *Klarissa*. Þið sjáið hana ekki í bestu sjónpípum ykkar, en sólina sjáið þið í sjónpípum og er hún lítil, mjög lítil, frá ykkur að sjá. Sólin, sem þessi hnöttur tilheyrir, heitir *Centárus*; eða svo nefnum við hana. — Náttúran er óendantlega yndisleg og líka óendantlega ömurleg, þegar því er að skifta».

Faðir minn skrifar hjá mér 13. Sept. 1926:

» — — — Pessir trúboðar, sem hjá okkur eru, eru áreiðanlegir menn og gefa sig út, til þess að frelsa bágstadda menn hérna megin — menn, sem búa á ömurlegum og voðalegum stöðum, vegna þess, að þeir — mennirnir — hafa ekki viljað viðurkenna þann æðsta kraft og ekki viljað viðurkenna vald hins góða. Þessir trúboðar ferðast stað

úr stað og hnött af hnetti, til að fræða og leitast við að bæta og betra þessa aumingja. Það kom einn til míni í gær og barst talið að starfi hans. Hann sagði mér frá ýmsu af ferðalagi sínu. Sagði ist hann hafa komið þar, sem alt hefði ætlað að frjósa, sakir eilífs kulda. Þar sagði hann að menn irnir sæti og lægi hver innanum aðra, og nærrí því hver ofan á öðrum, til þess að reyna að halda í sér hita. Fæði hafa þeir ekki nema af skornum skamti, því að þar vaxa fáar jurtir og af þeim fáu lifa þeir þó. Eta þeir þær, eins og þær koma af jörðunni — eins og skepnurnar hjá ykkur. Og yfir höfuð að tala, þá sagði hann, að sér hefði virst þeir vera líkari skepnum en mönnum. Það sagði hann mér og, að þeir væri ákaflega sinnulausir um sinn hag. Þeir hugsuðu lítið, og það lítið það væri, þá væri það mest reiði og gremja við stjórnarvöld þau, er hefði sett þá þangað. Allir mundu eftir æfi sinni á jörðunni, og allflestir þóttust eiga betra skilið. Þar kom fram, í fylsta mæli, drambsemin, drottning hins illa, sem einlægt liggur í eyrunum á mönnunum, og segir þeim, að þeir sé misrétti beittir; þeir sé svo góðir, að þeir eigi skilið alt hið besta.

Nokkrum gat þó trúboðinn komið í skilning um, að þeir hefði ekki til betra unnið.

Á þessum stöðum sjást engar töflurnar, sem við sögðum þér frá nýlega; og þar fær enginn að sjá þær, fyr en hann óskar þess sjálfur; en þegar þar að kemur, þá líka opnast augu þeirra fyrir því, hvernig þeir hafa lifað lífi sínu hér á jörðunni.

og þá eru það flestir, sem renna til sjálfs sín og breyta um hugsunarhátt. Þessum öllum bjarga trúboðarnir. Og eru þeir þá strax fluttir í annað umhverfi miklu betra, og flestir hingað á Fjörgyn».

Pessa two pistla ætla eg að láta nægja um þá hina ömurlegu staði, sem minst er á í bæklingi mínum, og víkja að reynsluskóla einstakra manna, sem mér annaðhvort hefir verið sagt frá af öðrum, eða þá einstaklingarnir sjálfir hafa sagt frá.

En áður en eg byrja á því, verð eg að gefa dálitla skýringu á því, sem sagt er í pistlinum hér á undan um *töflurnar*.

Á Fjörgyn eru feikna mikil söfn af ýmsu tagi. — Á einu safninu eru eintómar *töflur*. En á þessar töflur eru rituð öll okkar verk og jafnvel orð, frá því að við erum orðin sjálfráð orða okkar og verka, eða með öðrum orðum: frá því að við getum gert greinarmun góðs og ills, þangað til við flytjum yfir á Fjörgyn, eða einhvern annan hnött í geimnum.

Töflum hvers einstaklings er haldið sérskildum, þangað til hann kemur yfir um; og *verður* hann að kannast við alt, sem á þeim stendur. Fyr getur hann eigi heitið *frjáls*, eða notið gæða þess lífs, sem honum býðst að lifa þar. Kemur iðulega fyrir, að þeir, sem hlut eiga að máli, muna í fyrstu lítið eftir því sem letrað er á töflurnar. Kemur þetta glögglega fram hjá ýmsum, sem sjálfir segja frá reynsluskóla sínum.

Ungur maður, sem fluttur er yfir um, ekki alls fyrir löngu, ritar mér þannig um reynsluskóla sinn:

»Eg er nú aftur kominn til ástvina minna — afanna minna og ammanna minna, og alls frændfólksins míns. Það segja allir, að eg hafi verið skamman tíma í burtu, eftir því, sem margir þurfa að vera. Og mér finst nú líka, að það hafi ekki verið nema augnablik. Eg var fluttur í burtu frá afa mínum og ömmu minni, án þess eg vissi það sjálfur, og þau segjast heldur ekki vita, hvenær eða hvernig eg fór frá þeim. — Eg var einu sinni að ganga mér til skemtunar hér hátt uppi í hlíð; var eg að virða fyrir mér náttúruna og dásemadir hennar og dást að blómunum inndælu og trjánum og fuglunum, og vötnunum, sem sjást mörg úr hlíðinni. Það var mjög heitt veður og enginn andvari lék um vanga eða hár. Þá varð eg alt í einu svo syfjaður — eða svo fanst mér — og eg hallaði mér út af, á meðal blómanna og sofnaði, eða féll í draumlaust dá. Þegar eg vaknaði aftur, eða raknaði við, var eg kominn inn í dálitla stofu, alla hvítmálaða frá lofti til gólfss. Þar var ekkert inni nema dálítíð af rúmfötum í einu horninu, dálítíl aldinahrúga í einu horninu og einhverjar plötur í einu horninu. Voru þær í dálitlum stafla, eins og þunnum bókum væri raðað þar, hverri ofan á aðra. Eg tók ekki eftir neinni hurð á stofunni, og enginn gluggi var á henni. Það logaði á lampa hátt uppi í loftinu. Annað var ekki þarna inni. Jú, þegar eg fór að líta betur í kringum mig,

sá eg letrað á einn vegginn, með stóru, gullnu letri og glöggju: »Þetta er nú þinn reynsluskóli. Aðgættu það sem ritað er á töflurnar; sæstu við sjálfan þig og hinn æðsta kraft«. Eg varð alveg forviða og fór að hugsa með mér: Hvert er eg nú kominn; hvar er eg nú? Er eg nú aftur dáinn og kominn á einhvern annan hnött? Hverníg er þessu öllu varið? Þá varð mér aftur litið á þessa töfluhrúgu og gekk eg þangað og fór að skoða hana. Rakst eg þá strax á það, að eg hafði einhverntíma á fermingaráldrinum mínum gjört gys að fátæklings aumingja og ekkert hugsað um það þá, eða síðar. En þarna var þessu öllu lýst svo nákvæmlega, og það rifjaðist alt svo glögglega upp fyrir mér, að mér fanst svo sem eg væri þarna að framkvæma það sama. Og nú sá eg og fann, að þetta hafði verið órétt af mér og eg fór strax að iðrast eftir því, og það svo mjög, að eg fór að gráta. Þegar eg hafði grátið um stund, fór eg að þerra af mér tárin og svo fór eg að lesa meira, og eftir því, sem eg las lengur, eftir því sá eg betur og betur, að oft hafði eg ekki gengið þann veg, sem mér hafði borið að ganga, eða þá götu, sem foreldrarnir mínir höfðu bent mér á að fara, því að þarna var alt uppritað, smátt og stórt, það, sem eg hafði unnið, á meðan eg var hjá ykkur, ekki aðeins það, sem eg hafði brotið á móti hinum æðsta krafti, heldur líka það, sem eg hafði gjört eftir hans vilja. Og eg las og las, og eg grét og grét, og iðraðist og beiddist fyrirgefningar á því, sem eg hafði órétt gjört; og það var margt og miklu

fleira, en eg hafði nokkurn tíma munað eftir, áður en eg flutti hingað yfir um. Svona leið langur tími. Einusinni, þegar eg fór að skoða þessar töflur, þá varð eg svo hissa, að eg get ekki lýst því fyrir þér, því að eg sá engan staf á nokkurri þeirra. Þá var líka letrið máð af veggnum. En þar var aftur komið í staðinn: »Gleðstu, gleðstu. Hinn æðsti kraftur er sáttur við þig«. Þá greip mig sá fögnumúður, sem eg get ekki lýst fyrir þér og ekki fyrir neinum öðrum. Eg fleygði mér niður í rúmfötin og það færðist yfir mig sú ró og unaðartilfinning, að eg sofnaði því sem næst á augabragði. Og þegar eg vaknaði við úr þessu dáí, eða svefni, eða hvað það nú var, þá var eg kominn á sama blettinn, sem eg hafði sofnað á, fyrir löngum tíma síðan. Hljóp eg þá heim til afa míns; og eg hélt að hann mundi verða hissa á að sjá mig. En það varð ekki. Hann heilsaði mér ósköp alúðlega og sagði við mig: »Sæll vertu nú elskulegi drengurinn minn. Nú erum við búin að heimta þig, til fulls og als. Ekki hefir þú verið lengi í þínum reynsluskóla. Eg vissi það nú alténd«. Þá fór mig að gruna margt, en spurði hann, þó hvernig á þessu stæði. En hann sagði, að eg skyldi ekki undrast þetta. Þetta væri tímabil, sem biði allra, sem kæmi hingað. Sumir þyrftu að vera miklu lengur — miklu, miklu lengur í þessum reynsluskóla. Og þegar eg sagði honum frá öllu, sem fyrir mig hafði borið, þá sagði hann, að eg mætti og ætti að vera þakklátur hinum æðsta krafti fyrir það, að hann hefði flutt mig svona ungan hingað,

og fyrir það, að eg hefði ekki þurft að dvelja lengur einmana, fjarri öllum mínum ástvinum. Nú er eg líka svo glaður — svo ákaflega glaður. Nú get eg fyrst tekið þátt í lífinu hérna megin, þessu dásamlega lífi, sem menn lifa hérna, við söng og dýrð og dásemdir, og svo vinnu á milli, vinnu, sem í raun og veru er þó leikur einn.

Jæja, kæri vinur minn. Eg vildi segja þér frá þessu öllu, úr því að þú gast heyrt til mín. En undarlegt er það, að þú skulir geta það. Og þó er það svona«.

Eg vil til gamans geta þess, að þessi pistill rit-  
aðist á 36 mínútum.

Pá ætla eg næst að segja ykkur frá reynsluskóla konu einnar. Kona þessi var farin að reskjast, þegar hún flutti yfir um. Hún var mjög gáfuð, og góð við alla, eigi síst við þá sem bágð áttu að ein-  
hverju leyti og vildi ekkert aumt sjá.

»—— Pú manst, að eg sagði þér, hvernig tekið var á móti mér, þegar eg kom hingað. Já, slíkar viðtökur — slík undur undranna, að eg skyldi fá svona viðtökur hérna, að lífið hérna megin væri svona dásamlegt, eins og það er og reynist öllum, þegar þeir eru búinir að átta sig. En að átta sig, er nefnt hérna megin, þegar menn eru komnir fyllilega til viðurkenningar um *alt* það, sem menn hafa á jörðunni brotið á móti hinum æðsta krafti, eða guði, eins og þið nefnið hann. Við köllum hina æðstu, almáttugu veru, og kærleiksríku fram yfir allar hugsanir og réttlátu, fremur öllum — við köllum þá veru *hinn æðsta*

*kraft.* Enginn, sem eg hefi haft tal af, veit, hvar sú vera er; en allir finna til máttar hennar, kærleika og réttdæmis. Eins og eg gat um áðan, þá sagði eg þér frá viðtökunum. Og svo fór eg á burtu. Eg varð að hlíta sömu lögum og allir, sem flytja hingað: eg varð að fara frá ástvinum mínum og dvelja einvistum allan þenna tíma síðan, og þangað til nú fyrir skömmu. Eg var víst flutt sofandi; eg veit ekki hvernig. En einu sinni var eins og eg vaknaði af dvala, og þá var eg komin í eitthvert lítið herbergi, og eg sá ekkert þar inni, nema rúm uppbúið og fleira, sem svefnherbergjum tilheyrir. Þar var ekkert að dvelja tímann með. Eg var þarna dálitla stund og var að hugsa um, hvernig á þessu stæði, og svo ætlaði eg að fara út; en þá var alt lokað og læst. Þá tók eg eftir því, að engir gluggar voru á húsi þessu, eða herbergi, heldur kom birtan ofan úr rjáfri, frá ákaflega fögrum lampa. Það var víst rafmagnslampi, eftir því, sem eg sá þá seinna. Annars eru víst lampar sjaldgæfir hér, því að altarf er bjart af sólunum okkar blessuðum. Pegar eg var búin, að komast að því, að herbergi þetta var gluggalaust, fór eg að líta betur í kringum mig, og þá sá eg, að yfir einu dyrunum sem voru á herberginu, stóð með stóru gullnu letri: »Vertu róleg og bolinmóð. Þetta er réttlætis dómur þinn. Lestu það, sem á töflunum þínum stendur«. Þá tók eg fyrst eftir því, að annarsvegar við rúmið var stóreflis bunki af einhverjum plötum. Eg fór svo að skygnast eftir, hvað þetta væri. Og þá kom ennþá

eitt undrið. Þarna var þá alt uppritað, sem eg hafði gjört í lifinu mínu á jörðunni. Og eg fór að lesa og lesa. Þarna var alt skrifað með skýru letri, á okkar eigin móðurmáli. Og eftir því, sem eg las lengra, eftir því sá eg betur og betur, hvað eg hafði í raun og veru verið á miklum afvegum, á meðan eg var í þungu fötunum mínum — alt — alt sá eg þarna letrað, smátt og stórt. Þegar eg hafði lesið stundarkorn, fleygði eg mér í rúmið og grét og grét. Þá voru allar jarðneskar hugsanir horfnar, eins og fis fyrir vindi. Þá hugsaði eg að eins um sjálfa mig, og alt, sem eg hafði gjört, alt, sem eg hafði brotið á móti hinum eilífa kærleika, sem hafði gefið mér lífið, og öll þau gæði þess, sem eg hafði notið, en ekki kunnað að nota, eða með að fara. Eg hugsaði ekkert annað en þetta stanslaust: ó, mig auma, ó, mig auma. Er nokkur fyrirgefning til fyrir mig. — Þegar eg hafði grátið lengi — lengi — eg vissi n. l. ekkert hvað tímanum leið; ljósið logaði jafnt og pétt og sí-skært — þá fór eg aftur að lesa; og þá fann eg líka margar töflur, sem bentu mér til þess, að eg hafði þó ekki altilt gjört, það, sem eg hafði að-hafst. En hvað um það. Eg var ákaflega sorg-mædd. Þarna sá eg, að eg hafði oft, oft, haft drambsemina að leiðarstjörnu minni, og oft það, sem henni er samfara. Og eg fór aftur að gráta. Og svona skiftist á fyrir mér: grátur, og svo gleði, innileg gleði, yfir því, sem mér fanst eg hafa gjört eftir vilja hins æðsta kraftar. Og svona leið langur, langur tími. Þá fór eg einu sinni að skoða

þær töflurnar, sem eg hafði fyrst lesið, og — þvílik undur! — alt letur var máð af þeim — enginn stafur. Og svona gekk það, hvað á fætur öðru. Eg las og grét og iðraðist, og las aftur, eða öllu heldur, ætlaði að lesa; en þá var enginn stafur á töflunum. Þegar á þessu hafði gengið lengi, því að töflurnar voru margar og sumar þurfti eg að lesa oft, oft, áður en eg gat sannfærst um, að þetta og þetta atvik gæti verið rétt hermt, og eg hefði breytt órétt — þá kom þó að því, að alt kannaðist eg við; og loks var búið að þurka út af öllum töflunum. En með hverjum hætti þetta hefir skeð, veit eg ekki. Og enginn, sem eg hefi spurt um það, veit það. Það segja allir, að svona sé það fyrir öllum, öllum. Og svo var það einu sinni, að eg sofnaði ofurlítinn blund, að mér fanst; og þegar eg raknaði við aftur, eða vaknaði, þá var eg komin til hans elskulega pabba míns, og hennar hjartkæru mömmu minnar. Þá varð eg glöð, svo glöð, að það getur enginn ímyndað sér, nema sá, eða sú, sem reynir það sjálfur, eða sjálf. Eg varð alveg undrandi, eins og þú getur ímyndað þér og eg spurði pabba minn, hvort eg hefði verið veik, og með einhverju óráði. En hann sagði við mig: »Elskulega, hjartans dóttir míín; þú hefir ekkert verið veik og ekkert óráð haft; þú hefir verið að ganga í gegnum þann reynsluskóla, sem allir þurfa að ganga í gegnum — allir, sem hingað koma. Þú hefir þurft að dvelja óvanalega stutta stund í þínum reynsluskóla, eftir því sem margir þurfa að dvelja þar. Það sýnir þér, að þó margt

væri, sem þú þurftir að bæta fyrir og iðrast, þá var þó margt, fjölda margt, sem vög upp á móti því; og gættu þess, að kærleikurinn er óendanlegur og réttlætið er það líka. Kærleikurinn og réttlætið lítur ekki aðeins á verkin, heldur líka á orsakir verkanna, og *bær* þekkir enginn til hlítar, nema hinn almáttugi, alvitri æðsti kraftur. Vertu róleg og gefðu H. æ. kr. dýrðina; lofaðu hann fyrir gæsku hans, og biddu sí og æ, að slík sæla, sem þér hefir hlotnast, megi líka liggja fyrir öllum, öllum, ekki aðeins ástmennnum þínum, heldur öllum. Og að því kemur líka, að svo verði». Þetta sagði hann elskulegi pabbi minn mér; og eg trúi honum, af því að eg veit nú fyrir vist, að svona er það.

Ó, hvað eg er glöð. Aðeins bregður ofurlithu skýi fyrir gleðina einstaka sinnum, þegar eg sé sorg ástmenna minna. En það er þó hverfandi í samanburði við séluna, sem mér hefir hlotnast. Eg veit, að eg fæ bráðum ástmenni míni hingað til míni; og þá verður ekkert ský til framar, sem skyggir á gleði og sælu sólina.

Eg veit ekki, Guðmundur minn, hvort nokkur hefir áður sagt þér frá þessum reynsluskóla, sem bíður *allra*, en mér fanst eg endilega þurfa að segja þér frá því, hvernig hann reyndist mér. — Það eru margir um það, að vilja hvísla að þér. Mér þykir þó eitt að þessu sambandi við þig, og það er það, að eg þarf altaf sjálf að tala, en þú talar ekkert — mátt ekki einu sinni hugsa, — á meðan við erum að hvísla að þér».

## Bygðir hnettir.

Eins og getið er um í bæklingi mínum, þá er óteljandi aragrúi af hnöttum bygður, og er inn-dælt að vera á sumum, eftir því sem vinirnir okkar segja mér, en þar á móti mjög ömurlegt á sumum, og hefi eg lítillega minst á þá. Ætla eg nú ofurlitið frekar að fara út í þá sálma, að geta um bygða hnetti.

Ólafur bróðir minn segir 3. Apríl 1910 á þessa leið:

»Það er komið kvöld hjá ykkur, eins og þið nefnið, en þá er morgun annarstaðar; og til eru hnnettir, þar sem aldrei er kvöld og aldrei er morgun, heldur eilífur dagur. Þar er gott að búa og blessunarríkt um að litast. Víða búa þar svo góðar og fullkomnar verur, að ykkur getur ekki skilst. Það eru líka til hnnettir, — bygðir hnnettir, þar sem er aldrei kvöld og aldrei morgun, heldur eilíf nött og þar erilt að vera, og angurvært um að litast. Þar búa að staðaldri þeir, sem ekkert gott vilja gjöra, en hafa látið leiðast af hinu illa, á meðan þeir dvöldu í sínu fyrra ástandi og ekki hafa ennþá fengið sig til að brjóta odd af oflæti sínu, heldur eru fullir drambsemi. En — þeir komast líka til viðurkenningar sannleikans og þá flytjast þeir jafnóðum á björtu hnettina. Það er svo afarmargt, sem þið skiljið ekki, og sem ykkur hefir aldrei í hug dottið, og sem þið þar af leiðandi segið að sé ekki til. En augu ykkar opnast

smámsaman og heyrnartól ykkar verða næmari og næmari».

Faðir minn ritar hjá mér 22. Nóv. 1926 á þessa leið:

»— — — Það hafa ýmsir, sem þóst hafa vitringar á meðal ykkar, sagt það, að hvergi væri mannabygðir á hnöttunum, nema aðeins á ykkar örlitla depli, sem þið nefnið jörð. En þeir reka sig á annað — og hafa rekið sig — þegar þeir koma hingað. Óteljandi eru þeir hnettir, sem eru bygðir öðrum vitverum, en þeim, sem frá ykkar jörð koma. Óteljandi þeir hnettir, þar sem menn eða réttara sagt vitverur, fæðast með sama ætti og á ykkar jörð. Og þeir eiga fyrir sér framhaldslíf, alveg eins og þið afkomendur okkar, sem hér búum nú. Það er venjulegast svo, að í sérhverju sólkerfi, eða sólnakerfi, eru einn, tveir eða fleiri hnettir, sem þetta á sér stað. En svo eru aftur fleiri þeir hnettirnir, sem taka við íbúum þessara fáu hnatta og skapa þeim framhaldslíf. Margar þessara vitvera eru með alt öðrum hætti skapaðar heldur en þið, sem á jörðunni búið. Sumar ganga á fjórum fótum, og hafa tvær hendur að auki, líkt og sagt er frá í gömlum fræðum grískum. Þar — á Grikklandi, og víðar — voru spekingar miklir og þeir sáu þessar verur í sýnum; og héldu þeir, að þetta væri hálfyfirláttúrlegar verur, sem sveimuðu um á jörðunni; og svo voru verur þessar teknar í goðatölu. En þar sáu þeir vitverur frá öðrum hnöttum; en það vissu þeir ekki. Og þið hafið ekki vitað það fyr en nú, að slíkar verur

væri til, í raun og veru. Þessar verur eru mjög fjölmennar á einum hnetti, sem eg hefi lesið um. Sá hnöttur er ekki afarlangt frá okkur, en þó lengra miklu frá ykkur. Vist eru þar fleiri vitverur en þessi þjóð, sem við köllum *Padara*; en hnöttinn nefnum við *Kirion*. Hann er jarðstjarna, eins og bæði ykkar jörð og okkar jörð. Padarar klæðast að ofan í ýmiskonar klæðnað, eins og gengur og gjörist, eftir árstíðum, sem hjá þeim eru, en að neðan eru þeir loðnir og þar nota þeir engan klæðnað. Peir kvað vera mjög vitrir margir og komnir langt í andlegri framþróun. Vísindi blómgast á meðal þeirra í stórum stíl. T. d. kvað þeir eiga ákaflega næmar sjónpípur, sem þeir líka nota mikið, enda kvað þeir vera mjög framarlega í öllum stjörnufræðislegum listum og útreikningum. Á þessum hnetti, Kirion, eru fleiri undarlegar þjóðir; en það ber mest á þessum Padörum. Ein þjóð þar er að mestu orðin laus við ferfætluskappinn, og hafa þá framfæturnir orðið að höndum, svo þeir hafa fjórar hendur. Sú þjóð er nefnd *Klöpar*. Peir eru mjög vel að sér í öllu verklegu og skara þar fram úr. Andlega framþróunin er ekki á eins háu stigi meðal íbúa þessara. Og siðgæði og kærleikur á langt í land til að vera á eins háu stigi og á meðal ykkar; og er þó ekki vel hjá ykkur í þá átt».

Við þetta bætir svo Ólafur bróðir minn sama kvöldið:

»Eg ætla aðeins að bæta því við það, sem pabbi okkar sagði um hnöttinn Kirion, að hann er mjög

líkur ykkar jörð að allri byggingu. Þar eru kulda-belti, hitabelti og tempruð belti — alveg eins og hjá ykkur, og eru þroskaskilyrði þjóðanna nokkuð bundin við þetta; en vitaskuld kemur þar ýmis-legt fleira til greina. Jöfnust er framþróunin í tempruðu beltunum, eins og hjá ykkur. Í hitabelt-unum hafa að vísu um tímabil og tímabil, mis-jafnlega löng, verið þjóðir á miklum framfara-brautum. En það er eins og sólarhitinn hafi brent burtu hið andlega atgjörfi þeirra þjóða og deyft alla framþróun. Þeir á Kirion hafa verið bundnir þessu sama lögmáli. Þeir í hitabeltunum hafa komist afarlangt í andlegum efnum, um tíma og tíma. En svo hefir alt hrunið aftur, þegar minst varði«.

Faðir minn ritar hjá mér 1. Okt. 1926 á þessa leið:

»Eg var að segja þér nýlega frá trúboðunum okkar, og er best, að eg segi þér eitthvað meira af því máli. Einn kom til míni í dag. Það var Tómas Sæmundsson, sem eitt sinn var prestur að Breiða-bólsstað í Fljótshlíð. Hann hefir víða farið og er ágætismaður hér, eins og hann var áður fyrri. Dálitið er hann skapbráður, eins og hann var; en mikill munur er samt á því, eða áður var. Hann sagði mér, að hann hefði komið á mjög ömurlega staði, þar sem hrellingin og sinnuleysið ríkir. Það gengur seint, að snúa öllum til réttrar skoðunar á umheiminum og sjálfum sér. Flestir, sem lenda á þessum ömurlegu stöðum, eru svo gagnteknir af eigin gæðum, að þeim finst alt vera óréttlæti, sem

fram við þá kemur hérna megin, þykjast ekki hafa til annars unnið en eilífrar sælu og gleði. Þeim bregður líka mörgum við, að flytja úr fullsælu á ykkar jörð, í ömurleikann hérna megin. En samt var þó Tómas fremur vel ánægður með ferðalag sitt. Mörgum hefir hann hjálpað, en alt af bætast nýir og nýir í skörðin. Hann hefir líka komið á inndæla staði — staði, sem eru fegurri en land það, eða sveit, sem við búum í, og þar sem framþróunin er orðin miklu meiri, en hjá okkur, og teljum við hana þó mikla í samanburði við það, sem þið eigið að venjast. — Á einum stað sagði hann mér að fólkis væri engu líkara en þið getið hugsað ykkur »verur úr öðrum heimi«, — hálf-gjörða engla, að undanteknu því, að það hafði enga vængi. Til þessa fólks fór hann tvífórum, aðeins sér til ánægju. Eg hefi aldrei komið þang-að. En Ólafur, sem var viðstaddir samtal okkar, sagðist líka hafa séð fólk, svipað því sem Tómas var að segja frá. Og það þótti honum unaðslegt engu síður en Tómasi. Fólkis í því landi, eða réttara sagt á þeim hnetti — það, sem þeir sáu, var undurfrítt og föngulegt. Og það virtist lítið að-hafast Annað en að leika sér, eins og sagt er; þ. e. a. s. það þurfti svo lítið fyrir lífinu að hafa, að það gat varið mestum tíma sínum til að fullnægja fegurðarþrá sinni og öðrum saklausum og inn-dælum nautnum. Það er svo gott loftslag þar, að þeir bera aðeins slæður um líkama sína, í klæða stað, og hús eru þar fá, heldur mestmeginnis tjald-búðir úr ofur fögru og fíngerðu efni, allavega litu,

og stafar sólin á tjaldbúðirnar, oftast, og er þá eins og í gull sæi. Þeir kvað vera að hugsa um — þeir, sem lengst eru komnir á meðal þeirra — að gjöra fjölmenna för til okkar, á einhverskonar farkostum, sem þeir Ólafur og Tómas skildu þó ekki hvernig væri, og hlökkum við til, ef af því verður. Það getur líka orðið okkur til góðs, ef af því verður, á fleiri en einn veg. Við getum kynst þessu afarfullkomna fólki, og við getum lært margt af því, sem annars þyrfti að bíða eftir langan tíma hér hjá okkur. Tungumál þessarar þjóðar, sem Tómas hitti, sagði hann, að væri hálflikt íslenskunni og þó hálflikt einhverju öðru málí, sem hann ekki þekti; en eg hefi talað um þetta við Jón Þorkelsson fyrverandi rektor, og sagði hann mér, að eftir því, sem Tómas lýsti því, hlyti það að vera gotneska, eða eitthvert annað mál, sem gotneskan er komin af. En það er líklegast, að það sé eitthvert austurlandamálið, sem þið svo nefnið. Pessi þjóð er ákaflega langt komin í hljóðfæraslætti og sönglist. Hljóðfæri þeirra eru mestmegin strengjahljóðfæri og eru afar tilkomumikil, bæði stór, og þó svo auðvelt að leika á þau, að það getur hvert barnið, eins og þið komist að orði; enda er mjög mikil áhersla lögð á, að sem allra flestir nemi hljóðfæraleik. Þeir eru mjög langt komnir í allri efnafraði og eðlisfræði, og það er ekki langt frá því, að þeir sé búnir að ná því takmarki, sem bæði við keppum að, og þið eigið líka að keppa að, n. l. að sigra þyngdarlög-

málið. Við erum nokkuð lengra komnir en þið, í því máli; en þó er þessi þjóð langt, langt á undan okkur í því. Hann sá barn, á að giska 10 vетra gamalt, lyfta stórum steini, sem honum, virtist myndi vera um eitt hundrað pund að þyngd; og það var eigi aðeins svo, að barnið lyfti steininum í spotta, sem var bundinn í lykkju utan um hann, heldur hafði það vingsað honum alt í kringum sig. Þetta er eitthvert leyndarmál, sem þeir þekkja, og nota þeir til þess einhverskonar efnasambönd. Þessi þjóð er kölluð *Súsarar*; og hnötturinn, sem þeir búa á heitir *Klasipax*, eða svo köllum við hann. Þar eru 3 sólir og 7 tungl. Sólirnar eru allar fremur smáar; og er dagur og nótt hjá þeim, en ekki eins og hjá okkur — eilfur dagur. Sólirnar kvað ganga hver í kringum aðra, eða þó öllu heldur tvær þeirra í kringum eina, og býst eg við, eftir því sem Ólafur heldur, að ein þeirra sé aðalsólin, en hinar tvær sé reyndar jarðstjörnur, en svo glóandi heitar, að þær lýsi eins og sjálf sólin. Pessir Súsarar eru mjög göfug þjóð. Og má vel vera, að við verðum fluttir á einhvern hnött, ekki ólíkan þeim, sem Súsarar búa á, þegar við flytjum héðan».

## Fjörgyn.

Þetta, sem eg hefi nú tekið fram, ætla eg að svo komnu að láta nægja um aðra hnetti en Fjörgyn. Og ætla eg þá að fara nokkrum orðum um Fjörgyn sjálfa og sumar þjóðir, sem þar búa.

Lítið hafa vinirnir okkar talað um borgir á Fjörgyn, en þó er ekki alveg laust við það. Og staðanöfn eða býlanöfn hafa þeir stundum minst á.

Faðir minn ritar hjá mér 22. Okt. 1926 á þenna veg:

»Hann — Árni — býr í borg, sem er nokkuð langt héðan í burtu og heitir Akureyri; hún á samnefnt við Akureyri ykkar, en er miklu, miklu eldri. Sú borg stendur á stórum, sléttum skaga, á milli tveggja fjarða, og er alt upplendi skagans, og reyndar mestallur skaginn, eintómir aldingarðar. Áður fyrri voru þar akrar, og spruttu þar ýmsar kornjurtir; en eftir því sem framþróunin óx hér, og menningin náði betra haldi á mönnunum, sem þar búa, þá var ökrum breytt í aldingarða. Vaxa þar nú mestmagnis ávaxtatré og garðaávextir. Borgin stendur fremst á nesinu, og er stórborg. Þar búa mörg hundruð þúsund manna og hafa þeir, eins og eðlilegt er, ýmsum störfum að gegna.«

Einn vinurinn minn segir 24. Ágúst 1929:

»Eg hefi verið að ferðast, mér til ánægju og gleði. Ekki hefi eg haft neitt verulegt starf með höndum, á því ferðalagi, heldur verið að ferðast um fyrir eigin reikning. Margt hefi eg séð, og býsna langt hefi eg farið, eftir ykkar vegalengdum að reikna. Eg hefi þó ekki verið einsamall á þessum ferðum. Hefi eg haft með mér unglings, sem kominn er hingað fyrir nokkuru. Þú hefir aldrei þekt hann, eða hans skyldmenni. En hann

er ættaður af Skeiðunum á Suðurlandi. Við komumst klaklaust yfir fjöll og fyrnindi, ár og eyðimerkur; en oft nutum við annara manna hjálpar. Við fórum til lands, sem liggur fyrir norðan okkar land, og hét og heitir *Barisá*. Það er fagurt land og frjósamt. Þjóðin, sem þar býr, er sambland af Finnum og Rússum. Þar eru líka fjöldamargin Svíar. Það er eins og Finnum og Rúsum hafi verið stefnt þarna saman til þess, að þeir skyldi læra að þekkja hverir aðra frá fleiri sjónarhólum en hatursins og heiftarinnar. Það þekkist hvorugt hér. Enda voru allir þarna eins og ein fjölskylda, ef svo mætti segja. Og þar er, eftir því, sem eg tók frekast eftir, jafnaðarmenskan í sínu eðlilegasta og fugursta veldi. Enginn á neitt og allir eiga alt. Þar líður heldur enginn skort á nokkurn hátt, heldur líður öllum vel efnalega, og virtust allir vera glaðir og ánægðir. Við dvöldum um 4 vikur í því landi, eftir ykkar tímamæli, fórum bæ frá bæ og borg úr borg. Alstaðar var okkur vel tekið og næturgreiðinn var borgaður með því, að vinna í garði, eða við aldintrjárækt um 3 klukkutímama ykkar. Þetta er ákaflega þægileg greiðsla — þegar ekkert þarf að flýta sér. Enginn þarf neitt skotsilfur; og svo þegar menn fara af stað, eru menn leystir út með nesti til næsta bæjar».

Pá ætla eg að minnast dálítið á land eitt á Fjör-gyn, sem heitir *Margiara*. Þar búa mest Þjóðverjar. Hitti ólafur bróðir minn nokkura Þjóðverja á einu ferðalagi sínu og sögðu þeir honum sitt af

hverju frá landi sínu o. fl. Ætla eg að láta ólaf segja frá með sínum eigin orðum:

»Íjóðverjarnir sögðu mér frá ýmsu sem þar gjörðist, í þeirra bygðarlagi. Þar eru þeir að spreyyta sig á loftförunum, og hafa komist afar langt út í geiminn; en þó er langt frá því, að loftferðirnar sé orðnar svo fullkomnar, að þeir geti komist til næstu stjörnu eða hnattar. Landið þeirra Íjóðverjanna heitir *Margiara*, og er stórt land og frjósamt. Það er fjöllótt, með stórum dölum og vötnum, og hverskyns náttúruauðæfum. Þar eru feikna miklir skógar af trjám, sem líkjast furutrjám hjá ykkur og eru nefnd *Tara*. Þau eru afar há og digur og feikilega langlíf. Sum eru svo stór, að Wellingtonsfuran má heita barn hjá þeim. Þar eru líka mjög merkileg tré, sem má með réttu nefna »syngjandi eikurnar«. Þau eru ekki alveg óþekk eikitrjám hjá ykkur. En blöðin eru svo stinn, en þó svo viðkvæm, að þegar einhver gola er, eða dálítill andvari, þá syngur í þeim, eins og nokkurskonar Eólshörpum. Kvað þetta líkjast fínum strengjahljóðfærum, og sögðu þeir, að unun væri að hlýða á þenna söng. Þeir sögðu, að þegar gola væri og söngurinn heyrðist í trjánum, þó hópuðust allir fuglar í námunda við þau, þangað, og tæki til að syngja með, hver með sínu nefi, og yrði alt þetta að einum dásamlegum klið. Tré þessi standa aldrei í þyrringum, heldur í mesta lagi tvö og tvö saman og svo langt bil á milli. Ávextir af þessum trjám eru ekki etnir af mönnum, en eru besta fóður alifugla og fleiri skepna. Þá

sögðu þeir mér einnig frá ennþá einni trjátegund, hún verður ekki hærri en two metra frá jörðu; þó vex það að vísu, en ekki upp í loftið, heldur hornbeygist það og vex síðan lárétt í þessari hæð, og verður feiknalangt, alt að 100 metrum. Niður úr þessum láréttu stofni ganga síðan eða vaxa beint niður, eins og stoðir, sem festa rætur, þegar þær ná jörðunni. Þessar stoðir eru með svo sem 10 metra millibili, en þó er það ekki algild regla. En þegar allar stoðirnar eru vaxnar, er þetta eins og afarlangur bekkur, með mörgum fótum. Engin er laufkróna á enda trésins; en upp af hverri stoð vaxa smágreinar, með laufblöðum á. Greinar þessar vaxa allar út frá einum miðdepli, beint upp af stoðnum og eru eins og fjaðraskúfar. Blöðin eru stór og margskift — ekki alveg óáþekk pálmablöðum. Blómin eru ljósrauð og stór og standa í hvirfingum á þessum skúfum og eru þau notuð til læknisdóma. Hinn lárétti stofn getur orðið um 2 metra að þvermáli í þann endann, sem fjær er rótinni. Eg hafði nú reyndar séð öll þessi tré áður, á flugi mínu og ferðalagi, en aldrei veitt þeim svo mikla athygli, að eg gæti lýst þeim svona nákvæmlega. Þá er þar eitt tré, sem svo mikið lím smitar út úr, að alt, sem snertir það, festist við það, hvort heldur það eru menn eða málleysingjar. Þau verða 10—15 metra há og eru mjög óregluleg að utan að sjá. Mörg, sem eru orðin gömul, eru öll sömun líkust vörðum, óreglulega hlöðnum, með eintómum geilum og hnúðum á víxl. Þetta kemur til af því, að þegar eitthvað festist

við tréð, þá situr það þar fast; en límið smitar út í gegnum þetta, sem fest hefir, hvað svo sem það er. Svo getur eitthvað annað fest sig utan á þetta, sem fyrst varð fast, og svo koll af kolli; en svo getur verið, að sumstaðar festist ekkert átrénu og þar verða þá geilar. Parna geymast svo hlutirnir ár frá ári og kannske öld af öld, því að tré þessi geta orðið um 500 ára, að minsta kosti. Má því geta nærri, að ýmislegt festist utan á þeim á öllum þessum tíma. Þjöðverjarnir sögðu mér, að mönnum væri hálfilla við þessi tré, og vildi helst útrýma þeim, en menn fengist tæplega til að eiga nokkuð við þau. Samt eru þeir nú á síðustu árum farnir að notfæra sér límið. Þeir taka það og uppleysa það í sérstökum vökva, og nota það síðan til að gagndreypa pappír og pappa, sem síðar er svo notaður til húsabyggингa. Þessi vöki hefir þau áhrif, að límið missir kraft sinn að mestu, sem lím, en ver pappírinn gegn öllum raka og fúa og endist eins og járnþynnur og betur þó, því að þær ryðga aldrei. —

Þá er dýraríkið líka fjölbreytt. Þar eru mörg dýr miklu stórvaxnari en hér; og mörg, sem eru alt öðruvísí. Ýms dýr eru þar vilt, sem líkjast helst dýrum ýmsum, sem útdauð eru á ykkar jörð. T. d. eru þar nokkur skonar Mammútdýr, með bognum augnatönnum, en dálítið minni, og þau hafa bæði tagl og fax, eins og hestar. Þar eru líka skepnur, sem við myndum kalla *Finngálkn*. Það væri voða-dýr, ef þau væri grimm; en það er bótin, að þau eru jurtætur og meinlaus öllum mönn-

um. Þar eru líka ýmiskonar smádýr, sem við ekki þekkjum hér hjá okkur — eru líklega útdauð á þessum hluta hnattarins. Þar eru t. d. nokkurskonar mýs, með afar stór lafandi eyru. Þau eru svo stór, að dýrið dregur þau á eftir sér, jafnlangt rófunni, og er hún þó helmingur af lengd allrar skepnunnar. Tönnur þessara smádýra eru nagtönnur, en sjálfar nagtönnurnar standa langt út úr munninum. Þau eru þessutan kafloðin eins og loðnustu hundar hjá ykkur.

Úr því að eg er að segja þér frá Þjóðverjunum, á annað borð, þá er best að eg bæti við dálitlu, sem eg las í bók nýlega — ferðasögu eftir Þorvald Thoroddsen. Hann ferðaðist um land þeirra og hefir frá mörgu að segja, og þar á meðal þessu: Þar eru tré, sem fella blöðin tvisvar á ári, og eru blöðin rauð annan helming ársins, en hvítgræn hinn helminginn. Þetta er mjög einkennilegt fyrirbrigði, og hefi eg ekki heyrt þess getið fyr. Ávexti ber líka tré þetta tvisvar á ári. Eru ávextirnir gulir og hnöttóttir, þegar blöðin eru rauð; en þegar blöðin eru hvítgræn, þá eru ávextirnir rauðir og aflangir. Rauðu ávextirnir eru safamiklir og með súrkeim. Er pressaður úr þeim vöki til drykkjar, en annars eru þeir ekki nýttir. En gulu ávextirnir eru harðir nokkuð, eins og margar kartöflur og eru þeir soðnir, og matreiddir þannig. Mjög halda íbúar landsins uppá þetta tré, og er það ræktað mikið þar. Trén eru ekki ykkja há, en digur eftir hæðinni. Fuglar safnast mjög á tré þessi þann tímann, sem blöðin eru

grænleit, en þar á móti sést þar aldrei fugl setjast hinn árshelminginn.

Öðru einkennilegu segir hann líka frá í því landi. Þar eru víða grafnir brunnar, til þess, að fá úr þeim neysluvatn. En þó er vandgæft að finna vatnið, því að stundum er vatnið, sem finst, heiðblátt og er þá óætt öllum skepnum; svo mikil er þá saman við það af eiturefnum. En svo kemur það fyrir, að fáa faðma frá þessum eiturbrunnum, er hægt að grafa, og vellur þar þá upp tært besta vatn; og er það hverri skepnu holt og heilnæmt. Svo margvísleg er náttúra þessa hnattar í heild sinni. Þorvaldur kom á ferð sinni til eins lands; og bar bjuggu tómir Indíánar. Þeir voru glaðir og góðir heim að sækja. Þeir sögðu Þorvaldi, að þeir yndi ágætlega hag sínum í þessu landi, sem heitir *Farimag*, og óskuðu einskis fremur, en að allir ættbraður þeirra væri komnir þangað, burt af jörðunni, því að þeir sögðust sjá það og vita, að þeim myndi aldrei vegna vel þar úr þessu. Þeir lifa mest af jarðrækt, eru þrifnir og nægjusamir og ber ekki á neinni úlfúð, eða ósamþykki á milli þeirra. Þeir lifa mestmagnis í tjöldum, úr þunnu efni, sem þeir búa til sjálfir. Flest eru tjöldin græn að lit, eins og jörðin. Þeir hafa einn yfirhöfðingja yfir landinu og undir honum eru svo aftur héraðshöfðingjar. Þegar þeir semja lög, gjörir yfirhöfðinginn það í samráði við þessa héraðshöfðingja, og dettur engum í hug að malda neitt í móinn út af því. Enda er svo hjá þeim, eins og hjá okkur, að ef einhver setur sig

upp á móti lögnum, og brýtur þau, þá er hann tekinn í burtu og settur á lakari stað en þann, sem hann dvaldi á áður. En þetta er ákaflega sjaldgæft. Nú trúá þeir ekki lengur á «hinn mikla anda», sem var æðsti guð þeirra áður, heldur trúá þeir, eins og við, á hinn æðsta kraft — einn guð, höfund og viðhaldara als, sem lifir, andar og hrærist. Já, þeir eru ánægðir með sitt hlutskifti. Þeir eru giftir og eru sumir húsbændur, en sumir hjú, eins og alstaðar á sér stað í heiminum; en sá er munurinn á þessum hnerti og ykkar, að undirgefnir eru aldrei undirokaðir og húsbændurnir vinna eins mikið fyrir hjúin og hjúin fyrir húsbændurna. Með þessu móti verður heimilislífið farsælt og innndælt, þegar hver vill þjóna öðrum. Það er því í raun og veru ekki sem réttast til orða tekið, að kalla húsbændur og hjú í þessu sambandi, ef orð þessi væri skilin eins og almennast er á jörð ykkar. En af gömlum vana, er þetta nefnt hér þannig, ennþá. Það hafa komið fram uppástungur um, að breyta eitthvað til um þetta, þótt ekkert hafi orðið af því ennþá».

Ólafur bróðir minn ritar hjá mér 21. Des. 1926 um ýmislegt, og þar á meðal þetta:

»— — — Yndislegt er hjá okkur núna. Bjart eins og um hásumardaginn hjá ykkur, og hlýtt — svo hlýtt, að aldrei eru eins mikil hlýindi á gömlu fóstru okkar Íslandi. Og þó finst okkur aldrei vera of hlýtt. Loftið er yfirleitt mjög sjaldan mollulegt. Og þegar svo er ekki, þá finst okkur heldur ekki of hlýtt. Og svo eru búningarnir okk-

ar svo léttir og gísnir, að hver andblær sem er, kemst alveg inn að hörundinu. Sólin stafar á vatnið, eða sjóinn, eftir því, hvort menn búa við sjávarströndina, eða á vatnsbakkanum; og fuglarnir syngja svo ununarlega og þó svo fjörlega, og öll náttúran má heita að sé í sínu fegursta skrauti. Að vísu er blómatíðin úti hjá okkur í brádina, en svo standa trén ennþá viðast alþakin ávöxtum, alla vega litum; og þegar sólin skín á þá, þá eru aldinskógar einar fagrir, eins og þótt trén væri alþakin blómum. Fjöllin hérla eru líka fögur: Skógi klædd uppá eggjar víða hvar, eða þá græn af grasi, þar sem skógurinn nær ekki til. Grasið er sumstaðar farið að sölna dálítið — það er farið að hvíla sig og búa sig undir næstu blómatíð. Það verður eiginlega aldrei hvít sina hjá okkur, eins og ykkur. Grösin sölna en fölna ekki alveg; og þannig eru þau allan veturinn, sem við köllum, eða þenna þriggja mánaða tíma, eftir ykkar tímamæli, sem áður er búið að segja bér frá. Að vetrinum liðnum, þá er eins og alt verði grænt aftur og hinna sölnuðu jurta gætir þá ekki vitund. Eg hefi oftlega komið upp á fjöllin hérla. Þau eru ekki mjög há; og bunguvaxin eru þau flest. Þar er líka mikill gróður, alt fult af ýmis-konar kjarrskógi og blómgresi innanum; þar er dásamlega fagurt um að litast. Þegar fjöllin standa nálægt sjó eða vötnum, kveður þó mest að þessu. Þið munuð reka ykkur á þetta þegar þið komið hingað, og munuð þið þá komast að raun um, að það eru einmitt svona lönd, sem ýmsir

meðal ykkar nefna »sumarlandið« eða »sumarlöndin«. Vegna hvers skyldim við sífelt vera að segja ykkur frá dásendum þessa lands, ef það væri ekki eins og við segjum. Við höfum ekkert gaman af að ýkja, eða skrokva, enda getum við það blátt áfram ekki. Ef við reyndum til þess, þá myndi okkur strax verða vísað burtu úr þessu landi og það viljum við ekki. Við leitum okkur fullkomunnar í því, að sýna kærleika og taka á móti kærleika og í því að segja satt. Eg játa það, að við eignum miklu hægra með þetta hvortveggja en þið, vegna þess, að hér mætum við hvergi öðru en kærleik, einlægni og sannleika; en þið eruð — því miður ennþá — umkringd af öllu því, sem þessu er andstætt: kærleiksleysi, fláttskap og ósannsögli. En þó er það ætlunarverk ykkar að berjast á móti öllu þessu; og þeir koma tímar, að alt þetta verður yfirunnið — einnig ykkar á meðal. Þroski ykkar getur ekki komið alt í einu, heldur smátt og smátt; — frá því lægra til þess æðra — það er skilyrðislaus setning náttúrunnar, bæði í líkamlegum og andlegum efnum. — — — Jafnvel þótt ykkur virðist margt undarlegt það, sem eg segi ykkur, þá get eg ekki gjört að því. Þið hafið sjálfsagt strax í byrjun, þegar þú fórst að rita, ekki búist við því, að við myndim skýra ykkur frá öllu því sama og þið reynið og sjáið daglega. Og nú er það komið á daginn, að okkar líf og lifnaðarhættir eru í svo fjöldamörgu frábrugðið því, sem þið eruð vön; en þó, ekki með öllu annað. Og það, sem við ætlum okkur, meðal annars,

með þessu sambandi, er það, að láta ykkur fá glöggar og greinilegar, sannar og skilgóðar fréttir af okkur hérnamegin. Og hvað atti að vera ykkur ánægjulegra en að fá þær fréttir?«

Einar tengdafaðir minn ritar hjá mér 24. Okt. 1926 á þessa leið:

»Faðir þinn var í gær að segja mér frá því, að ykkur langaði til að fá fregnir af Einari afa mínum. Eg hefi nú ekki vel glöggar fregnir af honum. En það sem eg hefi frétt, það skal eg segja þér. Það var af tilviljun, að eg komst að því, að einn miðill væri hér í nándinni, og fór eg eitt sinn til hans. Það var stúlka, sem heitir Áslaug. Hún er orðin nokkuð öldruð og er langt síðan hún kom hingað. Hún er ættuð úr Bolungarvík. Hún reyndi fyrir mig að fá Einar afa minn í samband, og gekk það fremur illa. Hún er talmiðill. Eg skildi ekki nærrí alt, sem talað var. Málrómurinn varð svo óskýr þegar afi minn kom. En eftir því, sem mér skildist, þá á afi minn heima á hnetti, sem er afarlangt í burtu frá þeirri jörð, sem við búum á núna. Og þótt gott sé hér að vera, þá er þó mikill munur á þeirra jörð og okkar. Þar eru líka alt öðruvísí lifnaðarhættir, mikið þægilegra að lifa að öllu leyti, og eftir því, sem mér skildist, þá nota þeir mestmegin fæðu, sem unnin er úr vatni og lofti. Fatnaður þeirra er úr ákaflega fíngerðum efnum, og húsin miklu fullkomnari og skrautlegri en okkar. Ekki gat eg heyrt hvar sá hnöttur er í geimnum og ekki heldur hvað hann er nefndur. En fyrir því fékk eg fulla vissu, að hann er afar-

langt í burtu. Afi minn lét ekki uppi, hvaða atvinnu eða starf hann hefði á hendi — eða ekki gat eg skilið það. En það skildist mér, að hann væri ákaflega ánægður. Og hann er laus allra sinna meina, sjónleysis o. fl. Það skildist mér líka, að þar, sem afi minn er, þar myndi fleiri íslendingar vera«.

### **Skemtanir.**

Enginn þarf að hugsa, að ekki verði eitthvað um skemtanir hinum megin. Og jafnvel þótt vinirnir okkar segist mest vinna að alvarlegum störfum, þá virðast þeir þó oft bregða sér á leik, ekki síður en unga fólkid hérrna megin. Um dansinn t. d. farast föður mínum svo orð 4. Ágúst 1926:

»Við dönum ekki hérrna á nokkuð svipaðan hátt eins og hjá ykkur tíðkast. Okkar dansar eru miklu líkari dönum hinna ómentuðu þjóða, sem svo eru nefndar, eða þá eins og íbúar litlu eyjunnar, sem þið nefnið Færeysjar, dansa. En þó er nokkur munur á því. Við dönum — eg dansa líka þegar því er að skifta — ætíð, eða þá oftast nær, undir beru lofti, á afgirtum reitum, sem eru útbúnir til þess, með rennisléttum flötum. Sumir eru þó mishæðóttir, og fer þetta eftir því, hverir dansar eru dansaðir. Stundum þarf að hoppa yfir stórar mishæðir í dansinum, og er það gaman að sjá. Mesti fjöldi tekur þátt í dönsunum í einu, stundum fleiri þúsundir í einu, og haldast allir í

hendur og ganga eða eins og líða áfram, eftir því  
 sem við á, í hvert sinn. Eg var nú ekert liðugur  
 fyrst, þegar eg byrjaði á dansinum; en af því að  
 eg var og er félagslyndur og glaðvær að náttúru-  
 fari, þá slóst eg í dansinn með mömmu þinni og  
 börnum mínum. Alt er þetta saklaust gaman og  
 aldrei kemur fyrir, að okkur dansendum sinnist.  
 Við n. l. vitum það, að *ef* einhver ætlaði að fara  
 að sýna sig í slíku, þá myndi hann verða útilokað-  
 ur frá dansinum, um lengri tímabil; en það vill  
 enginn eiga á hættu, því að allir unna þessari sak-  
 lausu skemtun. — Svo syngjum við. Stundum  
 syngur einn, og svo taka allir undir, einhverstað-  
 ar í laginu, sem sungið er. Dansinn gengur ekki  
 með neinu fumi, eða ofsalátum, eins og oft vill  
 verða meðal ykkar, heldur er alt svo rólegt og  
 stilt, að sínu leyti eins lygnt fljót, sem líður með  
 dálitum straumhraða, um sléttar eyrar. Hún —  
 elfan — er þó miklu tilkomumeiri en smái lækur-  
 inn, sem hoppar stall af stalli og hvískrar og  
 buldrar við hvern stein, sem á vegi hans verður.  
 Þó er lækurinn líka náttúrunnar barn, og er unun  
 að honum. Börnin hérrna hafa líka sína sérstöku  
 leikvelli og sín danspláss. Og þar er nú fjör og líf  
 eins og í litla læknum. En fullvaxnir menn og  
 fulltíða konur dansa eigi þá dansa, nema þá ein-  
 stöku sinnum, þegar annaðhvort er verið að kenna  
 börnunum, eða þá til að gleðja börnin, því að það  
 er hér, eins og hjá ykkur, að börnunum þykir  
 gaman, að fá fullorðna í leik með sér».

Einn vinurinn minn ritaði hjá mér 24. Ágúst

1929 um ýmislegt. Þá voru dægramót á Fjörgyn. Þar á meðal segir hann:

»Það er heill hópur sem eg sé hér austur frá, dansandi um fjallshlíðina, upp og niður. Langt til að sjá, er þetta eins og glitrandi stórskorin perlfesti, úr allskonar og allavega litum perlum, því að alt fólkið er skrautklætt, í litklæðum, með alskonar djásn og glampar sólin, eða þó öllu heldur sólirnar, á þetta alt saman.«

Ólafur bróðir minn skrifar hjá mér 15. Okt. 1929, meðal annars:

»Eg fór ofurlítið hér út fyrir í dag, og allir voru úti; veðrið var svo inndælt, eins og raunar ætið hérna. Allir voru syngjandi og dansandi og alstaðar var gleði á ferðum. Eg var þó ekki með í dansinum. Eg dró mig út úr glaumnum og gleðinni; ekki þó af því, að eg fyrirlíti nokkuð þessháttar, heldur af því, að mig langaði til að vera einan og hugsa — hugsa um lífið hérna megin og ykkar megin. Hérna megin er alt friður og farsæld, ánægja og allra nautna okkar fylling. En hjá ykkur er þvert á móti: sífeldur ófriður, sífeld ófarsæld, sífeld óánægja, og aldrei er nautnafylling.«

Vinirnir okkar halda upp á ýmsa merkisdaga okkar, t. d. sumardaginn fyrsta (fyrsta dag Hörpu) o. fl. daga. Á sumardaginn fyrsta 1927, skrifaði faðir minn hjá mér, kl. 7.40 að kvöldinu:

»Nú byrjar sumarið ykkar, og mesti sælutími ársins ykkar; í öllum skilningi ætti svo að vera; en því miður er það ekki svo fyrir öllum. Og það

er mest að kenna óstöðuglyndi ykkar mannanna sjálfra og vantrausti og óskynsemi. Þetta finn eg best nú, síðan eg kom hingað yfir. Alt er betra hér, og hugðnæmara; en samt veit eg, að miklu fleiri gleði- og sælustundir hefði eg getað átt á meðan eg dvaldi hjá ykkur, hefði eg ekki verið haldinn af þessum kvíllum, sem eg áðan nefndi. Við hérrna öll í sameiningu óskum þess, að sumarið þetta færí ykkur ótal sælustundir. Og það verður líka svo, ef þið kunnið rétt með að fara gjafir þess æðsta kraftar; en þar er fyrstur á blaði kærleikurinn, og þar næst skynsemin og auðmýktin og þolinmæðin. Af gömlum vana, höldum við líka upp á þenna dag, jafnvel þótt hann sé eigi fyrsti sumardagurinn okkar. Það er langt síðan hann var og langt þangað til hann kemur aftur. En samt höldum við mikið upp á þenna dag. Hann er helgaður endurminningunum frá jarðlífínu — þeim góðu og glöðu. Hinar eru að mestu horfnar. Við komum þá saman, fjöldi þeirra, sem kunnugir erum — sérstaklega — og þá tala menn, eða halda ræður, sem fjalla eingöngu um endurminningarnar þær góðu og saklausu. Og þykir mikið í slíkar samkomur varið. Við viljum ekki, að alveg fyrnist yfir það, sem á daga okkar hefir drifið; svo eru skrifarár, sem skrifa upp allar ræðurnar og eru þær síðan geymdar á safni hér, svo eftirkomendur okkar hér geti fylgst með því, sem við gjörðum og vorum á jörðunni. Aldrei verður misklíð út af þessum endurminningum, sem við les-

um upp úr okkur hér. Heldur er hver ánægður með það, sem um hann er sagt í ræðunum. Margt kemur gamansamt fyrir, en alt er það græskulaust. Við höfum hér ákaflega stóra sali — þeir taka margar þúsundir manna — og í þeim eru slíkar samkomur haldnar. En þeir eru byggðir svo, að hljóð, eða rödd ræðumannsins berst glögglega til ystu kima hans. Í dag var eg og öll ástmanni þín á slíkum fundi. Ýmsir töluðu. Eg talaði þar dálitla stund, og sagði frá þeim tíma aefinnar, sem mér féll einna best allrar æfinnar. En það var, þegar eg var skrifari á Espihóli og trúlofaðist mömmu þinni.

Stefán skólameistari talaði um uppvöxt sinn á Heiði og þótti ágætt.

Hjaltalín talaði um veru sína í Skotlandi og þótti kenna margra grasa í ræðu hans; en hann var spilandi káтур og fjörugur. Ólafur talaði um grasarannsóknarferðir sínar og mintist Hrauna í því sambandi. Var gjörður góður rómur að tölu hans. Einar tengdafaðir þinn talaði um ýmsar ferðir, er hann hafði farið á landi og sjó. Gat hann um hákarlalegurnar og lýsti þeim; og sá eg að ýmsum, er áður höfðu verið sjómenn, líkaði ágætlega það, sem hann sagði.

Margir, margir fleiri töluðu og sögðu frá sínum endurminningum. Það er nú svona þetta. Við höfum margt okkur til skemtnar og ánægju, sem þið kannist ekki við, eða iðkið ekki. En þetta er reglulega ánægjulegt, þegar það veldur hvorki misskilningi né úlfþúð og leiðindum. En við því er

svo hætt hjá ykkur. Sumum virðist þá oflitið gjört úr sér og sumum oflitið úr öðrum, sem þeim eru nátengdir. En um slíkt er ekki að ræða hjá okkur».

Ólafur bróðir minn segir 29. Sept. 1926:

»— — — Nú er sólaruppkoma hjá okkur, og sólarlag líka. Það er dýrðleg sjón, þegar skýin eru með öllum regnbogans litum af hinni upprennandi sól annarsvegar og hinni hverfandi sól hinsvegar. Og það er líka notað, að horfa á þessa dýrð. Hundruð og þúsundir af mönnum þyrpast undir bert loft, til að sjá geisladýrðina á hverju kvöldi og þá eru sungnir lofsöngvar og dansaðir þessir hæglátu en þó skemtilegu dansar, sem þér hefir verið sagt frá. Það er mikið sem við syngjum hérna megin. Og mestöll guðspjónustan er innifalin í söng; og kvöldsöngvar og morgunsöngvar falla saman í inndælum klið og hljómfegurð. Já, það er tilbreytingarríkt og unaðslegt«.

## Ýmislegt.

Í þessum kafla mun eg grípa niður á ýmsum málefnum, sem við koma vinunum okkar á Fjörbyn og okkur sjálfum. Mun þar kenna margra grasa og sundurlausra, að mörgum mun virðast.

Faðir minn ritar hjá mér 20. Ágúst 1926, á þessa leið:

»Sólin er ljós jarðarinnar. Sálin er ljós líkamans. Sólin er ímynd hins æðsta kraftar. — Sálin er einnig ímynd hins æðsta kraftar. Sólin er ekki

eilíf sem sól, en þó er hún eilíf. Sálin er eilíf sem sál. — Alt líf er eilíft, jafnvel þótt svo virðist ekki. Þótt ykkur t. d. sýnist líf hinna smæðstu lífvera vera svo lítilfjörlegt, að ekki geti komið til mála, að það sé eilíft, þá er það þó svo; en slíkt einstaklingslíf, eða öllu heldur sál þessara lægstu einstaklinga, hverfur í dauðanum, eða við dauðann aftur til uppsprettu lífsins — hins æðsta kraftar — alheimssálarinnar; og það líf, eða sú sál, þótt ófullkomin sé, verður aftur til þess að vekja líf, eða sál, í öðrum einstaklingum, og þannig er þá sál þeirra smæðstu og ófullkomnustu lífvera, einnig eilíf. —

Sólin ykkar á fyrir sér að sortna, eins og einn ykkar eldgömlu spekinga sagði: »Sól térl sortna, sekkur fold í mar.«. Það er sannleikur þetta; og þá er jörðin ykkar orðin gjörbreytt og eigi mannabústaður — manna, eins og þeirra, er nú byggja hana. En lífverur verða þó enn á henni. Þá verður allur sá mikli mannbálkur kominn hingað og fjöldi, fjöldi héðan aftur á aðra æðri og betri hnetti; og svona gengur koll af kolli. Ekkert stendur í stað. Alt er breytingum undirorpið og alt er einhverskonar framþróun. Til eru að vísu tímabil í sögu flestra hnatta, þar sem framþróunin gengur í öfuga átt, við það, sem hún ætti að gjöra og mætti þá heita afturþróun eða niðurþróun. En þau tímabil eru miklu styttri en hin, þegar alt leitar fram og upp á við. En þeir menn sem eru á afturfaraskeiðunum, eru ekki vel farnir — flestir; — þeir eiga erviða framtíð þeg-

ar hingað kemur — lengi — lengi. Ekki veit eg um ykkur jarðarbúa, eins og nú standa sakir, hvort þið erum á fram- eða afturfararbrautinni. Þið standið á tímamótum og athafna; og veltur á miklu, hvort upp verður sótt á brekkuna, eða undan hallanum. Eg býst þó við því, að uppsóknin sigri, en vart er komið að því enn, að svo verði. Það eru svo miklar byltingar í heimi ykkar á öllum sviðum, og veltur mjög á því, að drambsemin, drotning hins illa, sigri ekki. En sumir yesalingar á meðal ykkar segja, að þið mennirnir hafið búið til guð. — Þvílík fásinna. Með réttu ætti þessir menn heimskingjans nafn skilið, ef nokkurir ætti það. Og þessir menn eru margir hverir hafðir í hávegum. — En það þarf eigi annað en spyrja þá, hvort þeir geti búið til lifandi blóm, eða lifandi flugu. Hverju myndi þeir svara? Ætli þeim yrði eigi svarafátt? En, ef þeir geta búið til guð, þá ætti þeim heldur ekki að verða mikið fyrir að búa til lifandi blóm, eða lifandi flugu, því að ef þeir geta búið til meistarann sjálfan, þá ætti þeim ekki að verða skotaskuld úr því að búa til verk hans. Þetta er drambsemin á æðsta stigi; og ef þessar kenningar ná að fesa rætur hjá ykkur, þá eruð þið illa farin, þið, sem trúið þessu. En því miður eru það margir, sem það gjöra. Og ef svo fer, sem eg þó vona, að ekki verði, að slíkar kennningar sigri um stundarsakir, þá eru þeir þó vel farnir, sem gjöra sitt til þess, að hindra þessar og þvílíkar kenningar-meinlokur, sem ekki eru á neinu bygðar nema drambsemi og sjálfþyrgings-

skap. Skáldin hafa oft fagrar hugmyndir og guðlegan innblástur; en stundum setjast að þeim svartálfar og hvísla í eyru þeirra ýmsum kenningum, sem láta vel í eyrum margra, en hafa miklu minna gildi en ekki neitt. Bágt eiga þau skáld, þegar hingað kemur. Þá verða þau sett á þann stað, þar sem eilífur þurkur er, og ekkert til að svala tungunni á; og öll þeirra ritverk og drambsemisdraumar blasa við þeim á töflum, skráðum logaletri. Og þar verða þau, þangað til þau hafa áttáð sig og séð villu síns vegar og eru búin að taka alt aftur, það, sem þau prédikuð, í skáldlegum búningi, til þess að það gengi í augun á almenningi, og í augu þeirra lærðu líka.«

Ólafur bróðir minn skrifar hjá mér 12. Ágúst 1926:

»Hvað er ykkur nauðsynlegast? Jú, ykkur er einna nauðsynlegast að fræðast um okkur hérla megin, um líf okkar og athafnir. Ekki veit eg samt, hvort allir trúa því, sem við segjum ykkur; en sú kemur tíðin, að hætt verður að nefna sambandið við okkur hindurvitni og kerlingabækur og annað þaðan af verra. Einu sinni var sú tíðin, að eg myndi líka hafa kallað samband þetta leiðum og ljótum nöfnum, en nú er eg kominn að annari raun og þegar allir eru orðnir á eitt sáttir um nauðsyn sambandsins, þá verður dýrðlegt að lifa á jörðunni. Þá verður sambandið svo auðvelt, að ekki er hægt að segja frá því; ekki verður það erviðara en nú er að læra auðvelt tungumál fyrir ykkur. Hann M. vill fá að vita hvernig á því

stendur að ljósið hérrna, frá sólunum tveimur, hefir þau áhrif á okkur, að við ekki þreytumst. Það er nokkuð margbrotið mál, að skýra þér frá því, og eg efast um, að þú sért ennþá svo fær í sambandsrituninni, að þú getir ritað eftir mér svo það skiljist. En það get eg sagt þér, að myrkrið hefir þau áhrif á flestar lifandi verur — og því meiri áhrif, sem þær eru betur útbúnar skynsamlegu viti — að þær þreytast. Vilja hvílast, þegar myrkur er. Svo er það líka margra þúsunda ára erfð ykkar mannanna. Strax í byrjun æfinnar eru börnin látin sofa og þegar þau stálpast og vaxa, þá eru þau látin hvílast, þegar þeir fullorðnu hvílast, en það er einkum, á meðan myrkrið stendur yfir. Svo eru þau efni í sólunum okkar, sem valda þessu. Þau efni eru líka í ykkar sól, en af því að hún skín ekki nema nokkurn hluta sólarhringsins, þá gætir þeirra ekki nema á meðan hún skín og ofurlitla stund eftir að hún gengur undir. Eg veit ekki hvort ykkur nægir þessi skýring, en við það verður nú að sitja í bráðina».

Faðir minn ritar hjá mér 27. Ágúst 1928 á þessa leið:

»Það líður öllum vel hérna. Hérna er sífeldlega sól og sumar. Þú veist þetta; og þó eru svo margir, sem trúa því ekki, svo fjölda, fjölda margir, sem halda, að við lifum í óverulegum heimi, eða öllu heldur, að við höfum enga jörð til að ganga á, engin blóm til að skoða, engin dýr til að líta á og láta okkur þykja vænt um, heldur séum við aðeins eins og hverfulir skuggar, sem líðum til og frá í

endalausum geimi, jarðarlausir, blómalausir, sól-  
arlausir, eins og vofur, sem ekkert hlutverk höf-  
um annað en það, að hræða ykkur einstaka sinn-  
um. Nei, þú veist betur, og allir þeir, sem með  
skynsemi sinni vilja skoða sköpunarverkið í allri  
sinni dýrð og dásemendum. Andinn deyr aldrei. Hér  
meina eg með andi, það sem þið venjulega nefnið  
sál. Sálin er eilíf. Sál sumra er lág í sessi, í sam-  
anburði við sumra annara sálir; en samt sem áð-  
ur eru sálir allra þeirra vera, sem einu sinni hafa  
öðlast líf, eilifar. Sumt eru hópsálir, þ. e. a. s. þær  
hverfa við dauðann inn í alheimssálina aftur. Og  
frá alheimssálinni streymir lífið aftur til þeirra  
vera, sem hinn æðsti kraftur kallar til lífsins ein-  
hverntíma. Og alheimssálín er ótæmandi og eilíf,  
og eilíf og ótæmandi. Henni eru engin takmörk  
sett, hvorki í tíma né rúmi. Hvorttveggja er ó-  
mælanlegt og eilift. »Kynslóðir koma, kynslóðir  
fara« — stendur í einum sálminum ykkar. Þarna  
er átt við kynslóðir mannanna. En þær fara ekki  
þannig, að þær hverfi burtu úr alheiminum. Þær  
koma, þ. e. a. s. hinn æðsti kraftur gefur einni  
kynslóðinni örlítið óandanlegt brot af alheimssál-  
inni. Pessa verðið þið vör sem lífs á meðan kyn-  
slóðin dvelur hjá ykkur; svo fer kynslóðin aftur;  
en þetta örlistla óandanlega brot, sem henni var  
gefið af alheimssálinni, það hverfur ekki alveg,  
þótt ykkur virðist svo, heldur heldur hún — sálin  
— áfram einstaklingslífi sínu, eftir sem áður, en  
flytur sig og fullkomnast á öðrum stöðum, sem  
þið ekki sjáið ennþá — á þeim stöðum, sem fyrir

sumum er einber gleði og ánægja, en fyrir sumum harmur og sorg um óákveðinn tíma. Eins og það er með mannakynslóðirnar, þannig er það með alt, sem einhverntíma hefir hlotið líf. En það ná ekki allar lífverur sömu fullkomnun tiltölulega, eins og þið mennirnir. Þegar þær verur deyja, eins og þið nefnið það, þá hverfa sálir þeirra aftur til alheimssálarinnar, að sínu leytí eins og dropinn, sem gufar upp úr hafinu: hann sameinast loftinu um stundarsakir, verður aftur að dropa og hverfur aftur til hafssins. Hann, sem dropi, kemst aldrei lengra en þetta».

Faðir minn ritar hjá mér 27. Nón. 1926, á þessa leið:

— — — Eðli okkar fylgir okkur hingað; en það er eins og það sé orðið göfugra að öllu leyti, og við verðum smám saman lausir við alla okkar bresti og annmarka, sem við höfðum áður. Hér í þessu landi — á Fjörgyn — fær enginn að vera sem frjáls maður, nema hann sé búinn að leggja niður alla ósiði og óknytti. Peir eru hér sumir á Fjörgyn, sem ekki eru enn búinir að ná þessu takmarki, en þeir eru þá annaðhvort í einveru og oft ekki á sem skemtilegustum stöðum, eða þá tveir og tveir saman, og eru þá valdir saman þeir, sem mestir voru óvinirnir áður. Sjá þeir aldrei nokkura aðra menn, á meðan á þessu millibilsástandi stendur; og svo fer fyrir flestum þessum mönnum að lokum, að þeir sættast heilum sáttum og fara blátt áfram að elskar hvor annan;

enda er það takmarkið, sem alt hnígur að hérna megin. Ef þeir eru ekki búrir að sættast heilum sáttum og viðurkenna ilsku og vanvisku sína eftir vissan tíma, þá eru þeir fluttir á ennþá ömurlegri stað, og þar verða þeir að dvelja ennþá, lengri eða skemri tíma, þangað til þeir komast til viðurkennings sannleikans, og jafnskjótt og það er orðið, eru þeir fluttir til inndælla bústaða, til ástvina sinna og þar er fyrst hægt að segja, að þeir byrji sitt nýja líf hérna megin. Það er óumræðilegur fögnuður, þegar þessi stund kemur, fyrir öllum, sem í þetta hafa ratað; og allir eru þá hissa á heimsku sinni, að hafa ekki séð þenna sannleika fyrri. En það er drambsemin, drotning hins illa, er heldur þeim svo föstum, sem hún getur, er einu sinni hafa gefið sig henni á vald. Þetta ástand, sem eg hefi nú verið að lýsa fyrir þér, og annað ástand, ennþá aumkunarverðara, sem eg hefi nokkurum sinnum minst á við þig áður, er, eða mætti með réttu nefnast hreinsunareldur sá, er katólskir menn tala um, og kenna að allir þurfi að ganga í gegnum. En hann — sá eldur — er hvorki bál né brennisteinn. Og enginn er sá, sem ekki kemst einhverntíma í gegnum allar þær torfærur, sem lagðar eru á leið hans hérna megin, til þess, að hann nái fullkomnunartakmarkinu. En, eins og áður er búið að segja þér, þá getur liðið óralangur tími, áður en sumir ná því takmarki; en sumir ná því fyr. Fyrst er að viðurkenna ófullkomleika sinn og yfirsjónir; síðan

byrjar þroskunin og framþróunin. Við, allir, sem erum á þessari jörð, erum á því þroskunarstigi; og það á langt í land, að við verðum fullkomnir, eins og sá er fullkominn sem okkur hefir »skapað« — eins og stendur í ykkar helgu bók. En við erum að leitast við að breyta svo, að sú braut styttist fremur en lengist. Því að í raun og veru eru allir að leita fullkommunar á öllum stigum tilverunnar, — en það eru svo ákaflega misjafnar leiðirnar, sem mennirnir hyggja að liggi til fullkommunarinnar. Sumir leita fullkommunar í auðæfunum, — hyggja að það sé hið æðsta hnoss, sem mönnunum beri að stefna að. Aðrir leita fullkommunar í munaðarlífi, leik og skemtunum. Enn aðrir leita hennar í yfirdrotnum meðbræðra sinna. Alt þetta er rangt; og það sjá menn fyrst fyrir alvöru, þegar hingað er komið. Nei — það kemst enginn verulega á fullkommunarbrautina, nema sá, sem leitast við að elska alla, og gjöra sjálfan sig að annara þjón, eftir því, sem framast er auðið. Það er leiðin, sem liggur til fullkommunarinnar. Og hinn æðsti kraftur litur á *alt* í því falli, að gjöra mönnum það mögulegt, að komast á rétta leið. Hann lítur á meðfæddar hvatir, og á uppeldið, og á allar aðstæður yfir höfuð; og þegar *alt* kemur til greina, þá eru afsakanir svo miklar í margra garð, að þeim leyfist að lifa hér áfram ánægjulegu og farsælu lífi, þrátt fyrir ýmsa bresti sína í jarðlífínus. En það höfum við öll á meðvítund okkar, að við

höfum öðlast betra hlutskifti, en við áttum skilið.  
Og þessvegna þreytumst við aldrei á að vegsama  
hinn æðsta kraft, fyrir miskunnsemi hans og kær-  
leika til okkar, mannanna».

